

# Héraðsdómur Vesturlands



## D Ó M U R

7. desember 2022

mál nr. E-180/2021

**Brúarreykir ehf.**  
(*Jón Jónsson lögmaður*)

**gegn**

**Bjarna Bærings Bjarnasyni**  
(*Sigurður G. Guðjónsson lögmaður*)

### **I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð**

1. Mál þetta var höfðað 30. ágúst 2021 og þingfest fyrir dómnum 7. september það ár. Aðalstefnandi er Brúarreykir ehf. Brúarreykjum, 311 Borgarnesi, sem stefnir Bjarna Bærings Bjarnasyni, til heimilis á sama stað. Málið höfðar, fyrir hönd stefnanda, Bryndís Ósk Haraldsdóttir, með aðsetur að Vallholti 13, Akranesi, en lögheimili að Brúarreykjum, 311 Borgarnesi, en hún er stjórnarformaður félagsins og eigandi helmings hlutafjár á móti stefnda.
2. Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi greiði stefnanda skaðabætur að fjárhæð 141.432.000 kr. með dráttarvöxtum frá 16. apríl 2021.

3. Til vara er þess krafist að stefndi greiði stefnanda skaðabætur að fjárhæð 83.285.000 kr. með dráttarvöxtum frá 16. apríl 2021.

4. Til þrautavara krefst stefnandi lægri fjárhæðar skaðabóta að mati dómsins.

5. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, en ella samkvæmt mati dómsins.

6. Stefndi krefst aðallega sýknu af bótakröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, en til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður milli aðila látinn falla niður.

-----

7. Dómsformaður tók við málinu þegar hann hóf störf við dóminn 1. september 2021.

8. Aðalmeðferð málsins var ítrekað frestað vegna áhrifa farsóttar o.fl. en fór loks fram 13. október sl. og var málið dómtekið að henni lokinni. Í upphafi aðalmeðferðar tóku sæti sem meðdómarar, Þorsteinn Magnússon héraðsdómari og Páll Grétar Steingrímsson, löggiltur endurskoðandi.

9. Skýrslu fyrir dómi gaf Einar Kristinn Jónsson rekstrarhagfræðingur, sem skilaði matsgerð í málinu.

10. Fyrir uppkvaðningu dóms í málinu var gætt ákvæðis 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

## **II. Málsatvik**

11. Brúarreykir ehf. rak kúabú á jörðinni Brúarreykjum frá árinu 2002, þegar félagið var stofnað. Félagið er í jafnri eigu Bryndísar Haraldsdóttur og stefnda, en þau voru við stofnun félagsins í sambúð og eiga nú sem fyrr hvort 50% eignarhlut í félaginu. Bryndís flutti frá Brúarreykjum árið 2011 þegar upp úr sambúðinni slitnaði. Stefndi var þá skráður framkvæmdastjóri félagsins og stóð miðað við gögn málsins fyrir öllum

daglegum búrekstri á Brúarreykjum frá þeim tíma. Hann hafði jafnframt prókúru félagsins ásamt Bryndísi sem var á sama tíma eini stjórnarmaður félagsins.

12. Fjárslit á sameiginlegu búi Bryndísar og stefnda voru lögð í opinber skipti með dómi Hæstaréttar í máli nr. 306/2012. Skiptin náðu ekki til starfsemi Brúarreykja ehf. og óumdeilt að eignarhald Brúarreykja ehf. liggur sem fyrr til helminga hjá Bryndísi og stefnda.

13. Ágreiningur reis einnig um eignarhald hvors aðila á jörðinni Brúarreykjum, en honum lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 467/2014. Niðurstaða þess máls var að eignarhluti að jörðinni væri til helminga hjá aðilum. Framkvæmd fjárslita við opinber skipti varðaði ekki rekstur einkahlutafélagsins Brúarreykja ehf. og er þeim lokið.

14. Í árslok 2012 og í upphafi árs 2013 voru gerðar athugasemdir við búfjárhald Brúarreykja ehf. af hálfu Matvælastofnunar, MAST. Býlið var svipt starfsleyfi tímabundið 30. nóvember 2012. Starfsleyfi var endurútféið 12. janúar 2013.

15. Matvælastofnun fór fram á ýmsar úrbætur og vörslusviptingu á nautgripum á fyrri hluta ársins 2013, en í framlögðum gögnum er lýst ítrekuðum afskiptum af nautgripahaldi að Brúarreykjum.

16. Við eftirlit Matvælastofnunar, 21. júní 2013, var m.a. upplýst um vankanta á skráningu lyfja sem notuð voru við búrekstur á Brúarreykjum, sbr. eftirlitsskýrslu frá 21. júní 2013. Með ákvörðun stofnunarinnar þann dag var öll afhending afurða og dýra frá Brúarreykjum stöðvuð þá þegar. Í ákvörðuninni er forsaga samskipta við stefnda, f.h. Brúarreykja ehf., rakin. Þar á meðal er vísað til þess að misbrestur hafi verið á því að gerð væri grein fyrir notkun lyfja á búinu. Jafnframt kom fram að verulegur misbrestur hafi verið á merkingum dýra og skráningum.

17. Efni ákvörðunar Matvælastofnunar var að dreifing afurða frá stefnanda væri bönnuð til bráðabirgða, með vísan til 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Stofnunin kynnti þá afstöðu sína að hún væri tilbúin að breyta afstöðu sinni ef tvö skilyrði væru uppfyllt. Annars vegar að komið væri upp skráningarkerfi varðandi rekjanleika afurða og dýra,

sbr. 13. gr. laga nr. 93/1995, reglugerðir nr. 916/2010 og 103/2010. Hins vegar að úttekt Matvælastofnunar leiddi í ljós að skráning og merking væri í samræmi við reglur og að sýnt hefði verið fram á virkni kerfisins og skráningarinnar. Að uppfylltum skilyrðum var gert ráð fyrir að sýnataka færi fram á afurðum og dýrum á búinu, gerð á kostnað stefnanda. Í kjölfar þessa vann stefndi að gerð andmæla vegna ákvörðunarinnar, f.h. stefnanda.

18. Með ákvörðun Matvælastofnunar, sem birt var með bréfi 6. ágúst 2013, var afhendingarbanni aflétt gegn sérstökum skilyrðum, m.a. á grundvelli þess að sýnataka færi fram á mjólk áður en henni yrði blandað við mjólk frá öðrum framleiðendum. Af hálfu Auðhumlu svf., kaupanda mjólkur, var neitað að taka við mjólk án þess að sýnataka færi fram. Af gögnum málsins má ráða að MAST hafi metið það svo að erfiðlega hafi gengið að framkvæma sýnatökur sem hefðu verið forsendur fyrir sölu mjólkur frá stefnanda.

19. Með bréfi MAST 12. febrúar 2014, eftir óboðað eftirlit 5. sama mánaðar þar sem eftirlitinu virðist hafa verið synjað um aðgang til eftirlits, kynnti MAST að fyrirhugað væri að afturkalla skilyrt starfsleyfi stefnanda. Var það gert með ákvörðun MAST, 7. mars 2014, einkum með vísan til þess að stofnuninni hafði ítrekað verið neitað um aðgang til eftirlits.

20. Með kaupsamningi, 25. júní 2014, voru allir nautgripir Brúarreykja ehf. á þeim tíma seldir til Miðfellsbúsins ehf., samtals 52 gripir, einkum kýr. Þá hafði áður verið ráðstafað frá Brúarreykjum ehf. mjólkurkúm og öðrum nautgripum í tengslum við athugasemdir um aðbúnað dýra og möguleg áform MAST um vörslusviptingu.

21. Boðað var til hluthafafundar í Brúarreykjum, með bréfi 4. apríl 2015. Með fundarboðinu fylgdi tillaga um höfðun skaðabótamáls. Á hluthafafundi 25. apríl 2016 var tekin fyrir tillaga málshefjanda um að Brúarreykir ehf. hefðu uppi skaðabótakröfu á hendur stefnda, sbr. framlagða fundargerð þess fundar. Á fundinum voru að líkum 50% atkvæða greidd með tillögunni en 50% gegn tillögunni. Tillagan féll því á jöfnu.

22. Í kjölfar þessa var höfðað dómsmál með vísan til heimildar 2. mgr. 109. gr. laga um einkahlutafélög, það er vegna og fyrir hönd Brúarreykja ehf. Kröfur málsins vörðuðu viðurkenningu á skaðabótaábyrgð, en ekki fjárhæð tjónsins. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 4. júlí 2018, var viðurkennd skaðabótaábyrgð stefnda. Dómur héraðsdóms var staðfestur með dómi Landsréttar, í máli nr. 594/2018, dags. 5. apríl, sbr. dskj. 20. Dómsorð héraðsdóms var eftirfarandi:

„Viðurkennt er að stefndi, Bjarni Bærings Bjarnason, beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, Brúarreykja ehf., sem stefndi hefur valdið með aðgerðum og aðgerðaleyzi við búrekstur stefnanda á jörðinni Brúarreykjum í aðdraganda þess að dreifing afurða frá búi stefnanda var bönnuð með ákvörðun Matvælastofnunar, dags. 21. júní 2013, aðgerðaleyzi stefnda að vinna ekki að úrbótum með fullnægjandi hætti eftir þann tíma svo að unnt væri að selja mjólk frá stefnanda og ákvörðun stefnda um að selja bústofn stefnanda með kaupsamningi, dags. 25. júní 2014.“

23. Eftir sölu á bústofni stefnanda á árinu 2014 varð eðli máls samkvæmt gjörbreyting á rekstri félagsins, enda var þá enginn tekjugefandi rekstur. Stefndi hefur búið/dvalið á Brúarreykjum. Allt til dagsins í dag virðist lítið af lausafjármunum sem tengdust búrekstrinum hafa verið selt. Þó var ein dráttarvél stefnanda seld á árinu 2016 í kjölfar þess að Bryndís fékk umsjón hennar á árinu 2016 eftir að fyrirtæki sem starfar við vörslusviptingar sótti vélina á Brúarreyki.

24. Eftir búskaparlok taldi Bryndís eðlilegt að selja greiðslumark stefnanda í mjólk, enda hafi það þá verið ónotað og gert ráð fyrir því að nýir búvörusamningar myndu fela í sér að verðgildi greiðslumarks lækkaði og ráðstöfunarheimildir yfir því yrðu takmarkaðar.

25. Málið kom til umfjöllunar á hluthafafundinum 16. apríl 2016. Með bréfi 10. ágúst 2016 var óskað eftir því að stefndi samþykkti sölu greiðslumarksins fyrir 24. ágúst 2016 svo að unnt yrði að skrá það á tilboðsmarkað 1. september 2016. Ekki var orðið við því en stefndi féllst á það í október 2016 að greiðslumark Brúarreykja í mjólk yrði selt á tilboðsmarkaði 1. nóvember 2016. Söluþilboð var gert 21. október 2016, niðurstaða tilboðsmarkaðar og tilkynning um viðskipti á 366.295 lítrum m.v. 295 kr./l, dags. 1. nóvember 2016, varð sú að söluverðmæti greiðslumarksins var 75.090.475 kr. Söluverð

greiðslumarks hafði þá lækkað frá tilboðsmarkaðinum í ágúst og lækkaði enn frekar í viðskiptum sem fóru fram síðar á grunni nýs búvörusamnings.

26. Á árunum 2013 og 2014 fór fram endurútreikningur á lánum stefnanda sem höfðu verið gengistryggð, sbr. dómaframkvæmd á því sviði. Endurútreikningurinn leiddi til tekjufærslu upp á 12,1 milljón króna á árinu 2013 og 21,6 milljónir króna á árinu 2014. Framkvæmd endurútreikningsins fór fram óháð stöðu búrekstrar stefnanda og hinnar staðfestu skaðabótaábyrgðar.

27. Í kjölfar dóms Landsréttar lagði stefnandi fram matsbeiðni fyrir Héraðsdóm Vesturlands, sbr. afrit hennar sem kemur fram í matsgerð. Í þinghaldi 19. júní 2019 var dómkvaddur til matsstarfa Einar Kristinn Jónsson rekstrarhagfræðingur. Matsgerð er útgefin 18. febrúar 2021.

28. Í niðurstöðu matsgerðar kemur m.a. fram það mat að fjárhags- og rekstrartjón Brúarreykja nemi og sundurliðist með eftirfarandi hætti, sbr. bls. 6 í matsgerð:

Tjón vegna tekju- og afkomumissis 21.6.2013-2025	175.691.000 kr.
Tjón vegna taprekstrar 21.6.2013-2019	30.372.000 kr.
Tjón vegna upplausnarvirðis	27.774.000 kr.
<hr/>	
Fjárhags- og rekstrartjón samtals	233.838.000 kr.

29. Í þessari framsetningu hefur raunveruleg sala eigna, að fjárhæð 92.406.000 kr., ekki verið dregin frá tjóni. Að teknu tilliti til þess er metið heildartjón 141.432.000 kr.

### **III. Málsástæður og lagarök stefnanda**

30. Um málshöfðun og fyrirsvar er vísað til 2. mgr. 109. gr. laga um einkahlutafélög, um heimild hluthafa til að gera skaðabótakröfu á hendur framkvæmdastjóra og hluthafa vegna og í nafni félags, sbr. afgreiðslu tillögu um höfðun skaðabótamáls á hluthafafundi 25. apríl 2015, og umfjöllun undir 8. tl. dóms Landsréttar í máli nr. 594/2018.

31. Skaðabótaábyrgð stefnda hafi verið staðfest með dómi en mál þetta varði fjárhæð tjónsins. Bryndís Haraldsdóttir sé eigandi 50% hlutafjár í félaginu Brúarreykjum ehf. og

hafi fyrirvar á framangreindum grundvelli og er jafnframt fyrirvarsmaður stefnanda sem stjórnarmaður félagsins.

32. Byggt er á þeirri niðurstöðu Landsréttarmálsins nr. 594/2018, samanber dómsorð hins staðfesta héraðsdóms, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, Brúarreykja ehf., líkt og greini í dómsorði héraðsdóms.

33. Skaðabótaskyldur verknaður, sem dómsorðið vísi til, lýsi jafnframt orsakakeðju að því að búrekstur stefnanda féll niður, þ.e. þær aðgerðir og aðgerðaleysi stefnda sem orðið hafi til þess að Matvælastofnun tók ákvörðun 21. júní 2013, um bann við afhendingu afurða frá stefnanda. Vegna þess hafi fallið niður tekjur allt til þess að Matvælastofnun tók ákvörðun, 6. ágúst 2013, sem veitti heimild til að hefja afhendingu mjólkur, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

34. Jafnframt sé vísað til aðgerðaleysis stefnda að uppfylla ekki skilyrði Matvælastofnunar og aðrar kröfur til að afhending mjólkur gæti hafist á nýjan leik eftir 21. júní 2013, m.a. með tilliti til ákvörðunar Matvælastofnunar 6. ágúst 2013.

35. Frá 25. júní 2014 hafi svo tjón hlotist af þeirri ákvörðun stefna að selja allan bústofn stefnanda, þ.m.t. mjólkurkýr, og leggja þannig í raun niður tekjugefandi starfsemi stefnanda.

36. Með því að búrekstur féll niður við þetta hafi stefnandi orðið fyrir fjárhags- og rekstrartjóni.

37. Grundvöllur skaðabótaábyrgðar stefnda sé sakarreglan og bótaregla 108. gr. einkahlutafélagalaga, sem hvíli á sakarreglunni. Líta skuli til þessara reglna að því leyti sem þær hafi þýðingu varðandi ákvörðun bótafjárhæðar auk almennra meginreglna skaðabótaréttar, s.s. um þýðingu reglna um að takmarka tjón, reglna um sennilega afleiðingu o.fl. Einnig skuli líta til reglu 3. mgr. 108. gr. einkahlutafélagalaga um lækkun bótafjárhæðar eftir því sem við geti átt. Í ljósi þess að samkvæmt þeirri reglu sé mögulegt að líta til sakar varðandi ákvörðun fjárhæðar séu jafnframt lögð fram ýmis gögn sem

tengist skaðabótaábyrgðinni sem slíkri og lágu fyrir í fyrra dómsmáli, þótt þau varði ekki beinlínis útreikning eða mat bótafjárhæðar.

38. Tjón stefnanda hafi falist í því að afhending mjólkur var bönnuð 21. júní 2013 og stefnandi fékk ekki tekjur af sölu mjólkur. Sú staða hafi viðhaldist eftir 6. ágúst 2013. Breytilegur kostnaður vegna rekstrar búsins miðað við bústofn á Brúarreykjum hafi hins vegar fallið til, auk fasts kostnaðar. Þá hafi þessi staða leitt til þess að stefnandi fékk ekki greiddar beingreiðslur vegna ríkisstuðnings við mjólkurframleiðslu, sem numið hafi því magni greiðslumarks mjólkur árið 2013, sem ekki hafði verið afhent áður en banni við dreifingu afurða hafi verið komið á. Tjón stefnanda komi fram með sama hætti á árinu 2014. Með sölu bústofns stefnanda með samningi 25. júní 2014 hafi breytilegur kostnaður stefnanda lækkað, auk þess sem tekjur fengust fyrir bústofn. Hins vegar hafi engar tekjur fengist af sölu mjólkur og greiðslumarki mjólkur sem verið höfðu megintekjuliðir búrekstrarins. Sú staða sé viðvarandi og þurfi að líta til þess við ákvörðun bóta.

39. Þá verði við ákvörðun tjóns að líta til þess að stefndi hafi ekki unnið að því að takmarka tjón með því að selja lausafjármuni og greiðslumark í mjólk á eðlilegum tíma og fyrir sem hæst verð í kjölfar þess að mjólkurframleiðslu stefnanda var hætt.

40. Stefnandi byggir á því að afmörkun tjóns hvíli í meginatriðum á því að bera saman þá atburðarás sem varð og þá atburðarás sem hefði getað orðið ef ekki hefði komið til háttsemi sem sé grundvöllur hinnar staðfestu skaðabótaábyrgðar. Mat á rekstrar- og fjárhagstjóni byggist á greiningu á þeim þáttum.

41. Meginþættir í rekstri Brúarreykja ehf. á árinu 2013 hafi verið þeir að félagið stóð fyrir mjólkurframleiðslu og átti til þess allan búnað og bústofn. Félagið átti beingreiðslurétt (greiðslumark) í mjólkurframleiðslu sem var 312.429 lítrar. Slíkt greiðslumark sé uppreiknað árlega miðað við horfur í mjólkurframleiðslu og hafi verið t.d. 336.669 lítrar árið 2014. Í málinu liggja fyrir skjal sem lýsi þróun greiðslumarks frá 2009 fram að sölu þess 1. nóvember 2016.

42. Um einstaka þætti í rekstri félagsins sé einkum vísað til ársreikninga og skattframtala vegna áráanna 2008–2013. Í fyrirbyggjandi matsgerð komi fram greining á starfsemi stefnanda fyrir tjónsatburði, sbr. sérstaklega kafla A.2 á bls. 15-30 í matsgerð. Líta verði til þessara upplýsinga um eiginleika rekstrar stefnanda við ákvörðun á bótafjárhæð, sbr. t.d. töflu á bls. 16 í matsgerð. Rekstrartekjur á árunum 2008-2012 hafi verið um 25-34 milljónir á ári. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vaxtagjöld á sama tíma um 5-7,5 milljónir. Á fyrri hluta ársins 2013, þ.e. fram til 21. júní, hefði stefnandi lagt inn 151.377 lítra af mjólk, sem svarað hafi til 103% af hlutfallslegu heildargreiðslumarki ársins miðað við sama tímabil. Forsendur voru til þess að starfsemi og framleiðsla stefnanda hefði verið í samræmi við greiðslumark og eðlilegan rekstur kúabúa á næstu árum ef ekki hefði komið til þeirra atburða sem hin staðfesta skaðabótaábyrgð vísar til.

43. Stefnandi vísar jafnframt til ársreikninga og skattframtala frá árunum 2014-2019 varðandi rauntölur í rekstri stefnanda á þeim tíma. Tekjur stefnanda hafi fallið alveg niður á þessum tíma og hluti kostnaðar. Líta verði til raunupplýsinga um reksturinn við mat á umfangi tjóns.

44. Stefnandi vísar til þess að fyrirbyggjandi matsgerð feli í sér vandaða greiningu á tjóni stefnanda. Vísað er til matsgerðarinnar sem grundvallar fyrir dómkröfum stefnanda.

45. Í fyrirbyggjandi matsgerð sé byggt á þríþættri skiptingu fjárhags- og rekstrartjóns stefnanda, sem sé eftirfarandi, sbr. lýsingu á aðferðafræði í kafla A.1 í matsgerð bls. 12-15:

„Tekju- og afkomumissir stefnanda eftir að afurðatekjur vegna mjólkurframleiðslu féllu niður, sbr. ákvörðun MAST, dags. 21. júní 2013. Auk afurðagreiðslna vegna mjólkur og beingreiðslna frá ríki vegna framleiddrar mjólkur, fékk stefnandi ekki gripagreiðslur í kjölfar sölu á bústofni, dags. 25. júní 2014. Við útreikning þessa tjónsliðar er meginatriðið að móta raunhæfa mynd af því hvernig áframhaldandi rekstur stefnanda hefði getað þróast.

Rekstratap stefnanda sem er hið raunverulega tap búsins á sama tíma, þ.e. frá 21. júní 2013.

Upplausnarvirði – tekjur af sölu eigna. Tjónspátturinn varðar tekjur af raunverulegri sölu eigna og einnig mat á því hvernig hægt hefði verið að lágmarka rekstrar- og fjárhagstjón stefnanda með því að ráðstafa eignum á sem hagkvæmasta hátt í ljósi þeirra atburða sem eru grundvöllur hinnar staðfestu skaðabótaábyrgðar. Þessi þáttur rekstrar- og fjárhagstjóns varðar m.a. sjónarmið varðandi takmörkun tjóns.“

46. Matsgerðin hvíli á aðferðafræði sem nefnist sjóðstreymisgreining og feli í sér að metið sé hvað tiltekinn rekstur hefði skilað eigendum sínum í hreinu sjóðstreymi yfir ákveðið tímabil. Matsmaður vinni rekstrar- og sjóðstreymisáætlun á grunni ítarlegrar úttektar á rekstrartölum 2008-2012 auk tímabilsins janúar–júní 2013.

47. Fjárhæð tjóns sundurgreind eftir tímabilum samkvæmt matsgerð er eftirfarandi:

„Tímabilið 21. júní 2013 - 25. júní 2014, þ.e. það tímabil sem stefnanda fékk ekki tekjur af mjólkurframleiðslu en átti kýr/bústofn til framleiðslunnar. Tímabilinu er tvískipt.

- 21. júní 2013-ársloka 2013 sbr. kafli A.3. í matsgerð. Niðurstaða matsgerðar (sjá bls. 39) er að heildartjón er 13.640 þús.kr., sem skiptist í tvo þætti; 6.664 þús.kr. af handbæru fé sem ekki varð af og 6.976 þús.kr. taprekstur og óreglulegur kostnaður á tímabilinu.
- Upphaf árs 2014 – 25. júní 2014, sbr. kafli A.4. Niðurstaða matsgerðar (sjá bls. 45) er að til frádráttar tjóni komi 1.691 þús.kr., sem ræðst af þremur þáttum; Tekju- og afkomumissir að fjárhæð 7.107 þús.kr., taprekstri 4.765 þús.kr. og svo tekjur af sölu eigna (bústofnssalan) 13.563 þús.kr. sem kemur til frádráttar.
- Heildartjón á tímabilinu 21. júní 2013 - 25. júní 2014 er því 11.949 þús.kr., sem skiptist í þrjá þætti (Kafli A.5, bls.46-48); Tekju- og afkomumissir að fjárhæð 13.771 þús.kr., rekstrartap 11.741 þús.kr. og svo tekjur af sölu eigna (bústofnssalan) 13.563 þús.kr. sem kemur til frádráttar. Miðað við verðlag í árslok 2020 er heildartjónið 14.155 þús.kr.

Tímabilið 25. júní 2014 – ársloka 2019, þ.e. tímabil eftir sölu bústofns, sbr. kafla B í matsgerð. Niðurstaða matsgerðar (sjá bls. 58) er að heildartjón er 30.907 þús.kr., sem skiptist í þrjá þætti; Tekju- og afkomumissir að fjárhæð 84.051 þús.kr., rekstrartap 14.786 þús.kr. og svo tekjur af sölu eigna (greiðslumark, bústofn og dráttarvél) 67.930 þús.kr. sem kemur til frádráttar. Miðað við verðlag í árslok 2020 er heildartjónið 33.003 þús.kr.

Tímabilið 2020 – 2025 og varðar framtíðarhagnað félagsins, þar sem ekki verður litið til rauntalna um rekstur félagsins, sbr. ársreikninga og skattframtöl, sbr. kafla C í matsgerð. Forsendur matsmanns fyrir ákvörðun tímabils sem tjón er reiknað koma fram á bls. 63-64, og rökstutt með vísan til a) Mjólkurtækjabúnaðar og fjárfestingarhringrásar kúabús, b) Aldurs eigenda og kynslóðaskipta, c) Krafna um aukið hagræði, minni ríkisstuðnings og d) Samrím í tímamörkum við mat á fjárhags- og rekstrartjóni. Tjón vegna tekju- og afkomumissis er 94.740 þús m.v. verðlag hvers árs, sbr. kafla C.4. Núvirt tjón vegna tekju- og afkomumissis m.v. árslok 2020 er 66.500 þús kr., sbr. bls. 73.“

48. Þá sé í kafla D í matsgerð fjallað um sölu- og upplausnarverð eigna, sbr. matsspurningu þar um, og varði þá málsástæðu að stefndi hafi ekki unnið að því að takmarka tjón stefnanda í ljósi hinnar staðfestu skaðabótaábyrgðar stefnda. Í matsgerð sé leitast við að finna mismun á upplausnarvirði búrekstrarins annars vegar miðað við þau verðmæti sem fengust við sölu einstakra eigna á tímabilinu 25. júní 2014 til 1. nóvember 2016 og hins vegar áætlað heildarupplausnarvirði miðað við að ákvörðun um búskaparlok hefði verið tekin 25. júní 2014. Í kaflanum Niðurstæða - samantekt, sbr. kafla D.5, komi fram að söluvirði seldra eigna hafi verið 95.123.000 krónur. Áætlað upplausnarvirði sé metið 131.203.000 kr. Mismunur sé því 36.080.000 krónur. Í matsgerð komi fram að sú fjárhæð að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa sé 24.218.000 krónur, eða reiknuð til verðlags í árslok 2020, 27.774.000 krónur.

49. Í matsgerð séu fjárhæðir bæði reiknaðar á verðlagi hvers árs og á verðlagi í árslok 2020, sem miðast við vinnu matsgerðar. Af hálfu stefnanda er byggt á því að miða skuli við fjárhæð á verðlagi í árslok 2020. Um það er vísað til 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, en ekki eru reiknaðir skaðabótavextir á tjónsfjárhæð frá tjónsdegi, en skaðabótafjárhæð miðar við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik átti sér stað, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þá sé eðli máls samkvæmt miðað við núvirta fjárhæð framtíðartjóns, sbr. kafla C í matsgerð. Forsendur núvirðisútreiknings séu eðlilegar miðað við eðli rekstrarins.

Samkvæmt framangreindu byggist dómkrafa á eftirfarandi fjárhæðum:

Heildartjón tímabilið 21. júní 2013-25. júní 2014	14.155 þús.kr
Heildartjón tímabilið 25. júní 2014 - árslok 2019	33.003 þús.kr
Heildartjón tímabilið 2020-2025	66.500 þús kr
Tjón vegna sölu- og upplausnarvirðis eigna	27.774 þús.kr
Samtals	141.432 þús.kr.

50. Stefnandi krefst dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 16. apríl 2021. Er með því miðað við dag sem er mánuði eftir dagsetningu bréfs til stefnanda þar sem honum var kynnt matsgerð, sbr. bréf 16. mars 2021. Vísað er til 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Til vara er krafist dráttarvaxta frá höfðun dómsmáls þessa.

51. Vegna varakröfu er vísað til málsástæðna og sjónarmiða við aðalkröfu.

52. Fjárhæð varakröfu byggist á því að við ákvörðun tjóns yrði litið til tekju- og afkomumissis stefnanda á tímabilinu 21. júní 2013 til ársloka 2025, sbr. niðurstöðu matsgerðar, en frá þeirri fjárhæð sé dregið söluandvirði eigna í kjölfar búskaparloka og fram til ársloka 2019. Í slíkri aðferðafræði felist að ekki sé tekið tillit til raunverulegs taprekstrar og sjónarmiða um ábyrgð stefnda að hafa ekki unnið að því að hámarka upplausnarvirði eigna vegna búskaparloka. Fjárhæð dómkröfu sundurliðast þá þannig (verðlag í árslok 2020):

Tjón vegna tekju- og afkomumissis 21. júní 2013-2025	175.691 þús.kr.
Söluandvirði eigna frá 21.6.2013 til ársloka 2019.	- 92.406 þús. kr.
Samtals:	83.285 þús.kr

53. Verði ekki fallist á fjárhæð dómkraftna stefnanda er byggt á því að svör matsgerðar við einstökum matsspurningum, umfjöllun um einstaka tjónspætti og ályktanir matsmanns um tjónið geti verið grundvöllur að ákvörðun skaðabóta að lægri fjárhæð, sbr. almennar reglur þar um.

54. Þá er vísað til þess að dómur geti talið ástæðu til að lækka fjárhæð skaðabóta með vísan til 3. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög.

#### IV. Málsástæður og lagarök stefnda

55. Stefndi vísar til þess að málið hvíli á skaðabótareglu 108. gr. laga nr. 98/1994, sem sé lögbundin sakarregla, en til þess að fallist verði á skaðabætur þurfi stefnandi að sanna tjón, orsakatengsl milli hinnar saknæmu háttsemi og meints tjóns og að meint tjón sé sennileg afleiðing sakar stefnda.

56. Skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl feli ekki aðeins í sér að tiltekin háttsemi þurfi að hafa leitt til tjóns, heldur sé almennt gerð sú krafa að orsakatengslin þurfi að vera milli tiltekinnar háttsemi og alls þess tjóns sem tjónþoli telur sig hafa orðið fyrir. Þá leiði af skilyrði um sennilega afleiðingu að takmarka verði ábyrgð við þær afleiðingar bótaskyldrar háttsemi sem séu fyrirsjáanlegar, eða við afleiðingar sem sé eðlilegt og sanngjarn að gera mann ábyrgan fyrir.

57. Héraðsdómur Vesturlands hafi að beiðni stefnanda dómkvatt á dómþingi 19. júní 2019 Einar Kristin Jónsson rekstrarhagfræðing til matsstarfa.

58. Eins og matsbeiðni stefnanda beri með sér hafi stefnandi tilgreint þær forsendur sem matsmanni bar að líta til við mat á meintu tjóni, sbr. bls. 105 til 109 í matsgerðinni. Það hafi því ekki verið ætlun stefnanda að fá mat á því hvort hann hefði raunverulega orðið fyrir tjóni.

59. Stefndi byggir á því í fyrsta lagi að matsgerðin sanni ekki tjón stefnanda. Beri af þeim sökum að sýkna stefnda af aðal- og varakröfum. Þrautavarakrafa um bætur að álitum verði heldur ekki tekin til greina, þar sem engu viðmiði sé til að dreifa fyrir dóminn um fjárhæð meints tjóns.

60. Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að hvorki sé til að dreifa orsakatengslum milli sakar hans og alls þess tjóns sem matsmaður hefur reiknað út, né hafi hið útreiknaða tjón verið sennileg afleiðing sakar hans.

61. Stefndi bendir á að samkvæmt matsgerð hafi matsmaður unnið rekstraráætlun fyrir stefnanda. Meginforsenda hennar sé að stefnandi hefði verið rekstrarhæft fyrirtæki 21. júní 2013. Matsmaður byggi svör sín við matsspurningum stefnanda á eigin rekstraráætlunum og taki fram að áætlanir hans og forsendur þeirra eigi að endurspegla réttmætar væntingar sem stefnandi hafi mátt hafa varðandi lykilkætti í rekstri varðandi tekjur, afkomu og sjóðstreymi. Þarna hafi matsmaður farið út fyrir hlutverk sitt. Honum hafi ekki verið ætlað að búa til rekstraráætlanir heldur hafi hann átt að skoða og gefa álit á tjóni sem byggðist á gögnum sem til voru um stefnanda og vörðuðu rekstur hans undir stjórn Bryndísar Óskar Haraldsdóttur.

62. Matsmaður horfi framhjá því við matið að tekjur, afkoma og sjóðstreymi í öllum rekstri séu háð þeim grundvallarforsendum að rekstraraðili sé í fyrsta lagi gjaldfær og í öðru lagi að stjórnun rekstraraðila sé í samræmi við þær reglur sem um starfsemi hans gilda.

63. Matsmaður skoði heldur ekki hvernig núverandi stjórnarmaður stefnanda hafi gengið um sjóði hans, bæði fyrir og eftir að hún varð stjórnarformaður, en slík skoðun hefði sýnt að stjórnarmaður hafði bæði dregið sér fé, selt eignir og með þeim rýrt gjaldfærni stefnanda.

64. Vegna þess að matsmaður gefi sér þá forsendu að stefnandi hafi verið rekstrarhæft félag 21. júlí 2013 sé nauðsynlegt að greina annars vegar frá tilurð og uppsprettu þess fjár sem lagt hafi verið í stefnanda í gegnum tíðina, og hins vegar fjárhagsstöðu stefnanda þegar Bryndís Ósk Haraldsdóttir varð stjórnarformaður 19. apríl 2011.

65. Rekja þurfi nánar aðdraganda málsins og stefndi lýsir því að þegar Bryndís Ósk og hann stofnuðu til sambúðar 1998 hafi tvö ár verið frá því að hún hafði skilið við annan mann. Við fjárslitin hafi hún fengið í sinn hlut jörðina Brúarreyki þar sem rekið var kúabú.

66. Eftir það hafi orðið að samkomulagi að stefndi legði til fé svo að Bryndís Ósk gæti efnt skuldbindingar sínar gagnvart fyrri eiginmanni.

67. Fjármunum sem stefndi lagði til hafi meðal annars verið varið til að greiða upp skuldabréf sem fyrrverandi eiginmaður Bryndísar Óskar átti og hvílt hafi á fasteigninni Brúarreykjum. Uppgjör veðskuldabréfa hafi verið nauðsynlegt svo að selja mætti greiðslumark jarðarinnar, eins og vilji Bryndísar Óskar hafi staðið til.

68. Eftir sölu greiðslumarksins hafi fyrst í stað ekki verið stundaður búrekstur að Brúarreykjum á vegum stefnda og Bryndísar Óskar.

69. Á árinu 2002 hafi sambylifsólkið ákveðið að hefja rekstur kúabús á ný. Keypt hafi verið einkahlutafélag sem rekið hafi kúabú og átti því greiðslumark og jörð í Skagafirði. Félaginu hafi verið skipt upp samkvæmt lögum um einkahlutafélög og stefnandi orðið til. Hlutafé stefnanda hafi verið 1.700.000 kr. sem sambylifsólkið átti að jöfnu.

70. Stefndi kveðst hafa lánað stefnanda 35.682.945 kr. á árunum 2005 til 2006 og hafi lánsfénu verið varið til endurbóta á fjósi og til kaupa á vélum og tækjum. Rekstur stefnanda hafi gengið bærilega.

71. Bryndís Ósk hafi hins vegar verið á þessum tíma í miklum fjárhagslegum vandræðum; í raun gjaldþrota. Til að bjarga eigin fjárhag hafi hún tekið fé úr sjóðum stefnanda til að greiða skuldir sínar og selt eignir félagsins, svo sem hross. Hafi hún tekið lán hjá stefnanda eða dregið sér fé. Hvorutveggja sé ólögmætt. Endurskoðandi, sem veitt hafi aðstoð við gerð ársreikninga og skattaframtala, hafi gert kröfu til þess að skuld stefnanda við stefnda yrði lækkuð á móti þessum ólögmætu úttektum, til að forða Bryndísi Ósk frá því að þola endurákvörðun opinberra gjalda með 25% álagi.

72. Stefndi, sem verið hafði stjórnarformaður stefnanda frá stofnun, varð eftir sambúðarslit varamaður í stjórn, en Bryndís Ósk stjórnarmaður.

73. Um sambúð stefnda og Bryndísar Óskar, sem stóð í liðlega áratug, vísar stefndi til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 467/2014. Eins og ráða megi af honum hafi Bryndís Ósk reynt að hafa eignir af stefnda, sem þó hafði gert henni mögulegt að gera upp við fyrri eiginmann. Rétt sé að vekja athygli á því að þegar friður hafi ríkt um rekstur stefnanda og félagið haft starfsfólk, sem hægt hafi verið að treysta á, hafi búrekstur stefnanda gengið vel, sbr. umfjöllun um batnandi búrekstur árið 2012 og fram á árið 2013 á bls. 28-30 í matsgerð.

74. Á stjórnarmanni einkahlutafélags hvíli sú skylda að fara með málefni félagsins. Stjórnarformaður skal annast um að skipulag og starfsemi félags sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 43. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stjórnunarskylda stjórnarmanns sé rík og óumflýjanleg eins og dómur Hæstaréttar staðfesti. Stjórnarmaður geti ekki borið fyrir sig ókunnuleika um rekstur einkahlutafélags, sem hann stýrir.

75. Stjórnarmaður eigi að sjá til þess að framkvæmdastjóri sé ráðinn, nema hann gegni því starfi sjálfur, eins og heimilt er, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 138/1994. Bryndís Ósk og stefndi hafi bæði verið skráð framkvæmdastjórar og prókúruhafar stefnanda frá og með hluthafafundinum 19. apríl 2011 til 15. apríl 2015. Á stefnda og Bryndísi Ósk hafi

því hvílt óskipt skylda og ábyrgð varðandi daglegan rekstur, sem stjórnarmanni bar að sjá til að væri í réttu og góðu horfi og lögum samkvæmt. Að því leyti hafi ábyrgð stjórnarmanns verið ríkari en stefnda.

76. Um inntak prókúruumboðs framkvæmdastjóranna hafi farið eftir hinni almennu reglu í 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð. Á grundvelli slíks umboðs getur prókúruhafi keypt og selt lausafé sem varðar hefðbundinn rekstur þess aðila sem prókúruumboð hefur veitt. Við þær aðstæður sem höfðu skapast í búrekstri stefnanda, vegna endurtekens framleiðslubanns af hálfu Matvælastofnunar, hafi stefndi talið að það þjónaði hagsmunum stefnanda best 25. júní 2014 að selja 52 nautgripi til Miðfellsbúsins ehf. fyrir 13.000.000 kr. auk virðisaukaskatts að fjárhæð 3.315.000 kr. eða samtals 16.315.000 kr.

77. Samið hafi verið um að kaupverðið yrði greitt með nokkrum greiðslum. Fyrsta greiðslan var að fjárhæð 5.000.000 kr. Stefndi hafi notað hana til lækkunar á skuld stefnanda við hann. Stefndi hafi eftir það lánað stefnanda fé, og hafi bókfærð skuld stefnanda við hann í árslok 2020 numið 13.019.438 kr. Stefndi geri þó fyrirvara um að sú fjárhæð sé rétt og telur hana hærri. Miðfellsbúið ehf. hafi átt að greiða 3.315.000 kr. 15. september 2014. Greiðsla þessi hafi verið innt af hendi með dráttarvöxtum 8. október 2014. Stjórnarmaður hafi millifært strax á eigin reikning 3.322.000 kr. Hið sama hafi stjórnarmaður gert er greiðsla að fjárhæð 4.000.000 kr. barst stefnanda 3. mars 2015. Greiðslur að fjárhæð 4.000.000 kr., sem inna hafi átt af hendi með jöfnum greiðslum 5. mars 2015 til 5. desember sama ár, viti stefndi ekki hvort hafi skilað sér. Skorað sé á stefnanda að upplýsa um ráðstöfun þessara fjármuna hafi stefnandi innheimt þá á annað borð.

78. Þá hvíli sú skylda á stjórnarmanni í einkahlutafélagi að halda aðalfund eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og aldrei síðar en innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs, sbr. 59. gr. laga nr. 138/1994. Það hafi Bryndís Ósk aldrei gert, eftir að hún var kjörin á hluthafafundi 19. apríl 2011, það er í tíu ár. Brot stjórnarformannsins á þessari skyldu og þar með vanræksla á að leggja línur um rekstur stefnanda sé orsök þess að hætta hafi orðið búrekstri stefnanda og selja eignir. Vanræksla stjórnarmanns komi hvað gleggst

fram í því að ársreikningar stefnanda hafi ekki verið til reiðu þegar matsmaður hafi leitað eftir þeim.

79. Deloitte endurskoðunarfirmað muni hafa sett saman einhverja ársreikninga að beiðni stjórnarmanns. Þeir ársreikningar hafi hvorki verið lagðir fram í stjórn né á aðalfundum. Ársreikningar þessir séu ekki bindandi fyrir stefnda sem eigi helming hlutafjár og verulegar kröfur á hendur stefnanda.

80. Stefnandi hafi lagt fram ársreikninga fyrir tímabilið 2008 til 2011. Ársreikningar þessir varpi skýru ljósi á afkomu stefnanda, rekstur hans og efnahag rekstrarárin 2008, 2009, 2010 og 2011. Aðeins árið 2009 hafi rekstur stefnanda skilað hagnaði eftir skatta. Viðvarandi taprekstur hafi þurrkað upp eigið fé stefnanda og eigið fé orðið neikvætt um 28.883.447 kr. í árslok 2011.

81. Veltufjárhlutfall stefnanda, sem sýnt hafi hæfni hans til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur vegna búrekstrar á næstu 12 mánuðum, hafi verið 6.583.940/61.350.245 eða 0,11. Veltufjárhlutfallið hafi því verið fjarri því að vera 1:1, sem sé lágmark þess sem almennt sé talið viðunandi.

82. Sé horft til framangreindra staðreynda, sem sé að finna í skriflegum sönnunargögnum lögðum fram af stefnanda, sé ljóst að stefnandi hafi í árslok 2011 ekki getað staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra féllu í gjalddaga. Stefnandi hafi verið ógjaldfær og háður fjárframlögum eigenda. Stjórnarmaður hafi ekkert fé lagt til stefnanda. Aðeins stefndi.

83. Ekkert í rekstri stefnanda hafi bent til þess þá að greiðsluörðugleikar myndu líða hjá innan skamms. Stefnandi hafi í það minnsta engin gögn lagt fram um slíkt.

84. Þrátt fyrir mjög slæma fjárhagsstöðu stefnanda hafi stjórnarmaður enga fundi haldið né gert grein fyrir ráðstöfunum sínum eða gerði tillögur að slíkum. Stefnandi hafi verið svo illa staddur fjárhagslega að hvorki stefndi né nokkur honum tengdur, sem aðstoðað hafi hann við búrekstur stefnanda, hafi fengið greitt fyrir þau störf.

85. Í matsgerð sé ítarlega fjallað um þau laun sem stefnda hefði borið sem kúabónda, sbr. bls. 54 til 55 í matsgerð. Stefnandi skuldi stefnda þessi laun og beri að greiða þau í reiðufé enda skuldajöfnunarréttur krafna vinnuveitanda á móti launum bannaður, nema að fengnu samþykki.

86. Með vísan til framangreinds hafi staðan í árslok 2011 verið sú að stjórnarmanni stefnanda hafði borið að gefa bú hans upp til gjaldþrotaskipta samkvæmt fyrirmælum í 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

87. Það hafi ekki verið stjórnarformanni að þakka að mál æxluðust þannig að lán, sem stefnandi hafði tekið hjá Kaupþingi banka hf. fyrir efnahagshrunið 2008 í japönskum jenum sem hafi staðið í 39.051.801 kr. í árslok 2010, 38.176.116 kr. í árslok 2011 og 31.145.950 kr. í árslok 2012, reyndust hafa verið gengistryggð með ólögætum hætti og voru að fullu uppgerð þegar endurútreikningur lá fyrir á árunum 2013 til 2014.

88. Eini kröfuhafi stefnanda sem ekki hafi fengið lán sín greidd sé stefndi, sem lánað hafði stefnanda samtals 35.682.945 kr. á árunum 2005 og 2006, eins og fyrr sé nefnt.

89. Stefnandi hafi sannað með framlagningu matsgerðar að stjórnarmaður stefnanda hafi engar ákvarðanir tekið um framtíð búrekstrar stefnanda eftir sölu bústofns 25. júní 2014. Þannig hafi hvorki verið tekin ákvörðun um kaup nýs bústofns til að geta haldið mjólkurframleiðslu áfram né ákvörðun um niðurlagningu búrekstrar með markvissri sölu allra rekstrareigna, greiðslumarks og lausafjár.

90. Matsmaður komist að þeirri niðurstöðu að þetta háttalag, sem stjórnarformaður beri ábyrgð á, hafi valdið því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna verðryrnunar lausafjár og að sú verðryrnun hafi, ef matsgerðin er rétt skilin, numið 15.627.000 kr., sbr. bls. 59 í matsgerð.

91. Stjórnarformaður hafi selt greiðslumark stefnanda á 75.090.475 kr. 21. október 2016. Stjórnarformaður hafi hins vegar ekki samtímis eða í kjölfarið selt verðmætan mjaltþjón og önnur mjalta- og mjólkurtæki, sem hafi átt eftir langan líftíma sé mið tekið af forsendum matsgerðar.

92. Með ákvörðun um sölu greiðslumarks hafi stjórnarmaður stefnanda, en ekki stefndi, bundið endi á búrekstur stefnanda. Stefndi geti aldrei borið ábyrgð á tjóni sem reiknað sé út á þeirri forsendu að búrekstur stefnanda hefði getað staðið allt til 2025.

93. Stjórnarformaður hafi valið tíma til sölu á greiðslumarki. Stefndi hafi verið samþykkur sölu og við hana hafi fengist gott verð, betra en áður hafði verið í boði, þótt síðar hafi komið í ljós að hærra verð hefði mátt fá, eins og matsmaður greini á bls. 77 í matsgerð. Sala greiðslumarks hafi því ekki valdið stefnanda tjóni nema samkvæmt þeirri eftiráspeki sem matsmaður notist við í rekstraráætlunum sínum.

94. Stjórnarformaður stefnanda hafi þá tekið án heimildar 7.322.000 kr. af söluverði bústofnsins til eigin nota. Áður hefði formaður stjórnar greitt sér úr sjóðum stefnanda 24.925.268 kr. á árunum 2005 til 2010, sbr. framlögð gögn. Þessar úthlutanir stjórnarformanns á 32.257.268 kr. af fjármunum stefnanda til sjálfs sín feli í sér brot á 73. gr. laga nr. 138/1994, en af gögnum málsins verði einungis dregin sú ályktun að stefnandi skuldi stefnda þá fjármuni sem hann lánaði stefnanda í upphafi en stjórnarformaðurinn úthlutaði sjálfum sér.

95. Stjórnarmaður hafi þá tekið ákvörðun, þegar hún vissi að stefndi var ekki að Brúarreykjum, um að láta ná í John Deere 6330 dráttarvél JR-B 47, og taka vörslur hennar og heyvagns sem tengdur var við dráttarvélin. Á dráttarvélinni hafi verið baggakló, sem ekki fylgi dráttarvélum við kaup fremur en skófla, sem einnig hafi verið til og notuð á dráttarvélin en hafi líka verið tekin. Í stýrishúsi dráttarvélarinnar hafi verið stjórnþæki fyrir Krone 1250 heyrúlluvél, sem ekki hafi fylgt dráttarvélinni og kostað hafði yfir eina milljón króna. Heyrúlluvélin sér ónothæf nema stjórnþæki þetta sé til staðar.

96. Stjórnarformaður hafi selt dráttarvélin á 5.900.000 kr., sbr. afrit af skattaframtali 2017. Ekki sé ljóst hvað hafi orðið um vagn, baggakló, skóflu og heyrúllustjórnþæki.

97. Í ársreikningi vegna rekstrarársins 2016, sem stjórnarmaður hafi látið gera, megi sjá að aðrar tekjur stefnanda voru 80.258.975 kr. Mismunur söluverðs og skráðra tekna af sölu lausafjár kunni að skýrast af greiðslu sölulauna.

98. Sala greiðslumarks og dráttarvélar hafi breytt fjárhag stefnanda þannig að hagnaður ársins 2016 var 61.601.925 kr. og stefnandi átt á bankareikningi í árslok það ár 77.967.343 kr. Þessi staða hefði getað skapað félaginu fjármagnstekjur, ef stjórnarmaður hefði haldið rétt á spilum og leitað ráðgjafar um ávöxtun peningalegra eigna, en það hafi stjórnarmaður ekki gert, heldur hafi bankainnstæður lækkað næstu árin og hafi staðið í 66.680.909 kr. í árslok 2020.

99. Það sem skipti hins vegar meginmáli og matsmaður horfi ekkert til sé að eigið fé stefnanda hafi ávaxtað sig mjög vel frá 2012 til 2016 og hafi breyst frá því að vera neikvætt í að vera jákvætt. Sveiflan á eigin fjárreikningi hafi numið liðlega 90 milljónum króna.

100. Í ársreikningi 2020 komi fram að stefnandi hafi fjárfest fyrir 7.597.852 kr. í öðrum félögum. Ekki verði ráðið af ársreikningi í hvaða félagi eða félögum stefnandi hafi fjárfest og skorað sé á stjórnarformann að upplýsa um fjárfestingar þessar og leggja fram yfirlit um alla bankareikninga stefnanda og færslur inn á þá og út af þeim.

101. Í ljósi framangreindra staðreynda sé ljóst að stefndi geti ekki hafa valdið því að stefnandi hafi orðið fyrir því sem kallað sé heildartjón að fjárhæð 33.003.000 kr. á tímabilinu 25. júní 2014 til ársloka 2019, hvað þá því sem kallað sé heildartjón á tímabilinu 2020 til 2025 að fjárhæð 66.500.000 kr.

102. Þetta útreiknaða tjón sé ekki sennileg afleiðing sakar stefnda. Fjártjón sem orðið hafi eftir sölu greiðslumarks og stöku lausafjármuna skrifist allt á stjórnarmann stefnanda. Stefnandi geti ekki hengt það á stefnda á grundvelli skilyrðiskenninga skaðabótaréttar, eins og byggt virðist á í stefnu. Þeim málalíbúnaði öllum sé mótmælt sem röngum, sem og öllum málsástæðum í stefnu. Stjórnarmaður hafi í það minnsta ekkert gert til að takmarka tjón stefnanda eftir að hafa selt greiðslumark hans.

103. Stefndi hafi heldur ekki valdið neinu tjóni vegna þess að ekki hafi verið gengið í að selja rekstrareignir stefnanda í kjölfar á sölu á bústofni og síðar greiðslumarki.

104. Með vísan til alls framangreinds liggir fyrir að sök stefnda sé hvorki orsök hins útreiknaða tjóns samkvæmt matsgerð né sé tjónið sennileg afleiðing sakar stefnda. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

105. Stjórnarmaður stefnanda hafi samkvæmt framansögðu selt rekstrareignir fyrir 80.990.475 kr. á árinu 2016. Auk þess virðist samkvæmt matsgerð sem stjórnarmaður hafi látið afskrifa CAT-hjólaskóflu og selja Skoda-bifreið. CAT-hjólaskóflan sé til og hafi þekkt verðmæti. Svo virðist sem stjórnarmaður hafi eyðilagt Skoda-bifreiðina og stefnandi fengið andvirði hennar greitt frá váttryggjanda. Þá hafi stjórnarmaður hugsanlega fellt skuldbindingar á stefnanda vegna notkunar á bifreiðinni.

106. Andvirði seldra rekstrareigna á tímabilinu 2014 til 2019 sé samkvæmt matsgerð 95.123.000 kr. Stjórnarmaður hafi ekki séð um að ávaxta fjármuni þessa með neinum hætti. Þá verði ekki séð að nokkur skoðun hafi farið fram á því hvort fresta mætti skattskilum með nýjum fjárfestingum því að samkvæmt matsgerð hafi stefnandi greitt tæplega 13,7 milljónir í tekjuskatt á tímabilinu 2014 til 2016.

107. Með vísan til framangreinds hafi stefnandi ekki orðið fyrir tjóni vegna tekju- og afkomumissis frá 21. júní 2013 til 2025 sem nemi 175.691.000 kr., og til frádráttar komi 92.406.000 kr. sem sagt sé vera framreiknað söluandvirði rekstrareigna. Söluandvirðið sé eign stefnanda og hafi getað verið mjög tekjugefandi, ef rétt hefði verið á haldið, en matsmaður hafi ekkert hirt um að reikna mögulega ávöxtun þessa fjár.

108. Teljist sannað að sök stefnda hafi valdið stefnanda tjóni sé þess krafist að bótafjárhæð verði færð niður, eins og heimilt sé samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994.

109. Við niðurfærslu skaðabóta verði sérstaklega að horfa til þess að stefndi hafi reynt allt hvað hann gat til að viðhalda búrekstri með aðstoð fjölskyldu sinnar. Hvorki stefndi né nokkur á hans vegum hafi fengið greidd laun auk þess sem hann hafi lagt stefnanda til mikið fé.

110. Stefndi geti auk þess aldrei borið ábyrgð á neinu tjóni stefnanda sem hafi orðið eftir að hann hafi látið af starfi stjórnarformanns, sem hafi verið árið 2011. Eftir það hafi hann verið skráður annar tveggja framkvæmdastjóra en verið sviptur því starfi árið 2016.

111. Stefndi hefur uppi gagnkröfu að fjárhæð 35.682.945 kr. til skuldajafnaðar án sjálfstæðs dóms, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, við dæmda bótakröfu. Krafa þessi byggist á lánveitingum stefnda til stefnanda.

112. Lán þessi séu óumdeild enda færð að stærstum hluta í bækur stefnanda undir bókhaldslyklinum 9300 víxillán (skyndilán). Árið 2006 hafi lánveitingar stefnda numið samtals 26.600.000 kr., sbr. nánari sundurliðum í greinargerð stefnda.

113. Lán þessi séu öll ófyrnd þar sem ekki hafi verið samið um gjalddaga en séu gjaldfelld frá og með framlagningu greinargerðar þessarar 2. nóvember 2021 og beri dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi hafi lagt fram ársreikninga sem stjórnarformaður hans hefur látið semja. Þeir sýni að stefnandi sé í skuld við hluthafa. Þar geti aðeins verið um stefnda að ræða, þar sem Bryndís Ósk Haraldsdóttir hafi hvorki lánað né lagt stefnanda til fé frá því að búrekstur stefnanda hófst; aðeins tekið mikið fé út í eigin þágu.

114. Stefndi gerir þá kröfu að dráttarvextir verði ekki lagðir á bótakröfu, fari svo ólíklega að slík krafa teljist sönnuð eða réttmæt sem bætur að álitum, fyrr en frá og með dómsuppsögudegi, eins og heimilt sé samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## VI. Matsgerð

115. Framlögð matsgerð er mikil að vöxtum. Matsmaður tekur saman niðurstöður sínar og telur dómurinn rétt til að varpa sem bestu ljósi á málið að taka kaflann óbreyttan upp hér:

„Niðurstaða við spurningum matsbeiðanda er gróflega tekin saman hér, en vísað er til kafla **E. Samantekt** sem og undirliggjandi kafla A til D um nánari útlistun, sundurliðun, greiningu og röksemdir. Matsspurningar í **bláum lit** [*skástrikaðar – innskot dómsins*] – svör matsmanns í svörtum. Allar fjárhæðir á verðlagi í árslok 2020.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> M.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 489,1 í desember 2020.

*Hvert er tjón Brúarreykja ehf. vegna banns við dreifingu afurða frá búi félagsins, sbr. ákvörðun Matvælastofnunar, dags. 21. júní 2013, að ekki var unnt að selja mjólk frá búinu eftir þann tíma og vegna sölu bústofns félagsins.*

Fjárhags- og rekstrartjón Brúarreykja ehf. í heild nemur alls **233.838 þús.kr.** – á verðlagi í árslok 2020.

*a. Matsmaður skal gera grein fyrir rekstrartjóni Brúarreykja ehf. vegna ofangreindra þátta í heild.*

Fjárhags- og rekstrartjón Brúarreykja ehf. í heild nemur alls **233.838 þús.kr.**, þar af er rekstrartjón alls **206.063 þús.kr.**, þ.e. tjón vegna tekju- og afkomumissis frá 21. júní 2013 til ársloka 2025 og tjón vegna taprekstrar frá 21. júní 2013 til ársloka 2019 – sjá sundurliðun í svari við næstu spurningu – á verðlagi í árslok 2020.

Sjá nánar í kafla **E. Samantekt** sem og í undirliggjandi köflum A til D.

*b. Jafnframt skal matsmaður setja fram sundurliðun á tjóni með tilliti til áhrifa helstu þátta sem haft hafa áhrif á tjón matsbeiðanda, þ.m.t. að því leyti sem tjón hefur verið takmarkað, svo sem áhrif þess að breytilegur kostnaður og/eða fastur kostnaður hefur fallið niður og að sala bústofns hafi bundið enda á mjólkur- og nautgripabúskap félagsins til framtíðar.*

Fjárhags- og rekstrartjón matsbeiðanda er þríþætt og greinist þannig:

1) Tjón vegna tekju- og afkomumissis frá 21. júní 2013 til ársloka 2025	175.691 þús.kr.
2) Tjón vegna taprekstrar frá 21. júní 2013 til ársloka 2019	30.372 þús.kr.

**Rekstrartjón alls** **206.063 þús.kr.**

3) Tjón vegna upplausnarvirðis: Upplausnarvirði m.v. að ákvörðun um búskaparlok væri tekin 25. júní 2014	120.180 þús.kr.
Söluandvirði eigna (tekjur af sölu eigna) árin 2014-2019	-92.406 þús.kr.

**Tjón vegna upplausnarvirðis** **27.774 þús.kr.**

**Fjárhags- og rekstrartjón alls** **233.838 þús.kr.**

Sjá nánar í kafla **E.3. og E.4. Samantekt** sem og í köflum A til D.

Að því er lýtur að því hvort tjón hafi verið takmarkað s.s. áhrif þess að breytilegur og/eða fastur kostnaður hafi lækkað eða fallið niður, er ljóst að rekstrarkostnaður var mjög lengi að lækka eftir 21. júní 2013 fram til 25. júní 2014, þegar bústofninn var seldur. Búið hélt stóran bústofn án þess að tekjur kæmu fyrir. Á þessu stigi ræðst breytilegur kostnaður af stærð bústofnsins, sem ekki var seldur fyrir en ári síðar. Sem dæmi var breytilegur kostnaður 9.569 þús.kr. á þessu 12 mánaða tímabili. Tjón Brúarreykja ehf. hefði orðið lægra, ef bústofn hefði verið seldur fyrr eða gengið harðar fram í lækkun kostnaðar. Sjá nánar umfjöllun undir lok kafla A.2.1. og töflu A.2.1.b., sem sýnir þróun breytilegs og fasts kostnaðar á árunum 2013-2017.

*c. Matsmaður skal setja fram sundurliðun tjóns eftir tímabilum, vegna tímabilanna:*

- i. 21. júní 2013 til ársloka 2013*
- ii. tímabilsins frá ársbyrjun 2014 fram að sölu bústofns frá búi matsbeiðanda, sbr. kaupsamning dags. 25. júní 2014,*
- iii. tímabils eftir að sala bústofns fór fram*

Í töflu E.4.1. kemur fram sundurliðun tjóns eftir tímabilum sem og sundurliðun eftir meginþáttum tjóna á hverju tímabili. Jafnframt eru í töflunni tilvísanir við einstakar matsspurningar og undirkafla/-töflur í mats-gerðinni. Hér fyrir neðan eru niðurstöðufjárhæðir á verðlagi í árslok 2020, en í umfjöllun í kafla E. og sam-bærilegri töflu E.4. eru jafnframt niðurstöður á verðlagi hvers árs.

TAFLA E.4.1. BRÚARREYKIR		NIÐURSTAÐA		HEILDARTJÓN TÍMABILIÐ II/2013 - 2025			
Tímabilið	Heiti tímabils	Mats- spurning tilvís.	Sbr. töflur	Á verðlagi í árslok 2020			
				Afkomu- og tekjumissir áfrh.rekst.	Rekstrar- tap rauntölur	Sala eigna Uppl.virði	Samtals fjárhags-/ rekstrartjón
21. júní 2013 til ársloka 2013	II/2013	c. i.	A.3.6.	7.881	8.250	-	16.131
Ársbyrjun 2014 til 25. júní 2014.	I/2014	c. ii.	A.4.5.	8.306	5.569	-15.851	-1.976
Alls: 21. júní 2013 til 25. júní 2014	II/2013 - I/2014		A.5.a-c	16.187	13.819	-15.851	14.155
25. júní 2014 til ársloka 2019	II/2014 - 2019	c. iii.	B.6.	93.004	16.554	-76.555	33.003
Árin 2020 - 2025	2020 - 2025	c. iii.	C.4.	66.500	-	-	66.500
Alls: 25. júní 2014 til ársloka 2025	II/2014 - 2025	c. iii.		159.504	16.554	-76.555	99.503
Samtals: frá 21. júní 2013 til ársloka 2025		a/b/c	E.1.c.	175.691	30.372	-92.406	113.657
Upplausnarvirði hámarkað m.v. ákvörðun um búskaparlok 25.6.2014		d. d. i.	D.5./E.2.			120.180	120.180
Heildarrekstrar- og fjárhagstjón Brúarreykja	samtals / upph.sp.	E.3.		175.691	30.372	27.774	233.838

Sjá nánari umfjöllun, greinargerðir og röksemdir í kafla E.3. og E.4. Samantekt og í undirköflum A til D.

- d. Þá er óskað eftir því að matsmaður lýsi því hvernig mjólkurbúskapur er lagður niður á starfandi búum almennt ef reynt er að hámarka upplausnarverð rekstrarins við búskaparlok.
- i. Jafnframt verði því svarað hver er fjárhagslegur mismunur á upplausnarvirði búrekstrar Brúarreykja ehf. og ef reynt hefði verið að hámarka upplausnarverðið miðað við að ákvörðun um að búskaparlok hefði verið tekin 25. júní 2014, sbr. svar matsmanns um slíka aðferðafræði.

Í kafla D er fjallað um upplausnarvirði rekstrarins við búskaparlok, fjallað um einstakar eignir sem kæmu til upplausnar og því lýst í hverjum undirkafla D.2.- D.4. hvernig mjólkurbúskapur er lagður niður á starfandi búum, ef reynt er að hámarka upplausnarverð hvernig eignar rekstrarins við búskaparlok.

Upplausnarvirði eigna Brúarreykja ehf. miðað við að ákvörðun um búskaparlok hefði verið tekin þ. 25. júní 2014 nemur alls **120.180 þús.kr.** að frádregnum skattalegum áhrifum af söluhagnaði. Söluandvirði þeirra eigna, sem voru seldar, nemur alls **92.406 þús.kr.** á verðlagi í árslok 2020, að frádregnum tekjuskatti sem hlaust af sölu eignanna. **Fjárhagslegur mismunur** á upplausnarvirði Brúarreykja ehf. (þ.e. söluandvirði seldra eigna) og ef reynt hefði verið að hámarka upplausnarvirðið m.v. að ákvörðun um búskaparlok hefði verið tekin þ. 25. júní 2014, nemur því alls **27.774 þús.kr.** að frádregnum skattalegum áhrifum af söluhagnaði. Sjá nánar í kafla D. **Upplausnarvirði eigna (2013-2016).**“

116. Matsmaður kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerð sína ásamt því að svara spurningum, líkt og verður gerð grein fyrir í niðurstöðukafla eins og þurfa þykir.

## VI. Niðurstaða

117. Málsókn þessi hvílir að grunni til á dómi Landsréttar í máli nr. 594/2018, sem kveðinn var upp 5. apríl 2019, en þar var staðfestur dómur Héraðsdóms Vesturlands frá 4. júlí 2018 þar sem viðurkennd var þar tilgreind skaðabótaábyrgð stefnda. Líkt og að framan er rakið var stefndi talinn bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda með háttsemi sinni í aðdraganda þess að dreifing afurða frá búi stefnanda var bönnuð með ákvörðun Matvælastofnunar, 21. júní 2013, og því að vinna ekki að úrbótum með fullnægjandi hætti eftir þann tíma svo að unnt væri að selja mjólk frá stefnanda. Jafnframt var talin bótaskyld sú ákvörðun stefnda að selja bústofn stefnanda með kaupsamningi 25. júní 2014.

118. Viðurkenningardómur um bótaskyldu, sem byggist á 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála, ákvarðar það eitt en kveður ekki á um bótafjárhæð. Hins vegar er það skilyrði fyrir því að fá slíkan dóm í hendur, að dómur meti það svo að sá sem slíka kröfu gerir hafi leitt að því nægjanlegar líkur að háttsemi þess sem bótakrafa beinist gegn hafi valdið þeim er kröfuna gerir fjárhagslegu tjóni. Þannig var því slegið föstu í dómi Landsréttar að stefnandi hefði sýnt nægjanlega fram á að hann ætti lögvarða hagsmuni af úrlausn viðurkenningarkröfunnar.

119. Viðurkenningardómur í framangreinda veru um bótaskyldu er þannig ekki sjálfkrafa ávísun á skaðabætur. Eftir stendur að sanna fjártjón en sú sönnunarbyrði hvílir á stefnanda sem leitast hefur við að sanna það, einkum með framlagðri matsgerð í málinu. Stefndi hefur ekki óskað eftir mati í málinu, eftir atvikum þá yfirmati, til að freista þess að hnekkja fyrirleggjandi matsgerð. Stefndi byggir enda á því að sönnunarbyrðin hvíli óskorað á stefnanda og að matsgerð málsins sanni ekki tjón hans.

120. Önnur sönnunargögn í málinu til stuðnings bótakröfu stefnanda eru hverfandi. Mikil áhersla verður því eðli máls samkvæmt lögð á framlagða matsgerð og sönnunargildi hennar.

*Stjórn félagsins og helstu sjónarmið við ákvörðun bótaskyldu*

121. Mál þetta er höfðað af stjórnarformanni og framkvæmdastjóra fyrir hönd lögaðilans Brúarreykja ehf. sem er stefnandi málsins. Fyrir liggur að stefndi og framangreindur

stjórnarmaður eiga einkahlutafélagið að jöfnu og eiga í raun þannig í vissum skilningi jafn mikla hagsmuni í málinu, þ.e. ef horft er á hag félagsins eingöngu.

122. Samkvæmt skráningu fyrirtækjaskrár, sem byggist á ákvörðun fundar í félaginu 19. apríl 2011, samkvæmt útkeyrslu 3. mars 2015, er stjórnarformaður stefnanda, Bryndís Ósk Haraldsdóttir, fyrrverandi sambýliskona stefnda, sem situr ein í stjórn félagsins, en stefndi er skráður varamaður hennar. Jafnframt kemur fram að þau hafi bæði farið með framkvæmdastjórn og prókúruumboð fyrir félagið. Eftir 2015 bera gögn með sér að stefndi hafi ekki gegnt skráðum trúnaðarstörfum fyrir félagið, heldur hafi frá þeim tíma og til þessa dags Bryndís Ósk farið með alla stjórn félagsins, þ.e. verið eini stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þess. Í málinu liggur þannig fyrir tilkynning til fyrirtækjaskrár frá 15. apríl 2015 sem ekki verður skilin öðruvísi en svo að frá þeim degi hafi stefndi látið formlega af störfum sem framkvæmdastjóri stefnanda.

123. Bótaskylda stefnda, sem viðurkennd var með dómi Landsréttar, er bótaskylda stjórnanda einkahlutafélags gagnvart hlutafélaginu sjálfu, vegna aðgerða og aðgerðaleyfis hans í rekstri félagsins. Af dómnum verður ekki annað ráðið en að bótaskylda stefnda sé eingöngu vegna brota hans í starfi á meðan hann gegndi sannanlega stöðu framkvæmdastjóra búsis, þar sem hann hafi farið út fyrir umboð sitt með saknæmum hætti. Í héraðsdómi var það tekið skýrt fram að það breytti engu um bótaskyldu stefnda, að stjórn félagsins og meðeigandi, Bryndís Ósk, hafi hugsanlega einnig átt þátt í tjóni félagsins með aðgerðaleyfi. Engin umfjöllun er um þetta atriði í dómi Landsréttar. Ekki hefur þannig verið fjallað um áhrif annarra ráðstafana félagsins, eða öllu heldur stjórnenda þess í málinu á mögulegt tjón þess, enda gaf málatilbúnaður aðila ekki tilefni til slíkrar úrlausnar. Er þetta enda í samræmi við eðli viðurkenningarmála jafnan, sem endurspeglast í framangreindri 2. mgr. 25. gr. þar sem kveðið verður á um viðurkenningu á ákveðnum réttindum þótt ekki sé kveðið á um inntak og efni, þ.e. um lögfylgjur slíks dóms, s.s. eins og hér um ræðir, um fjárhæð skaðabóta, hugsanlegar gagnkröfur hins bótaskylda eða eftir atvikum áhrif annarra ákvarðana stjórnenda félagsins sem eru til þess fallnar að draga úr eða jafnvel auka það tjón sem ella hefði leitt af hinni bótaskyldu háttsemi. Þá var í dómi Landsréttar, eðli máls samkvæmt, ekki tekin afstaða til mögulegra áhrifa 3. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög, sem kveður á um að bótafjárhæð í málum sem þessum megi færa niður

með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika. Framangreind atriði eru til úrlausnar hér.

#### *Lengd tjónstímabils og takmörkun tjóns*

124. Í skaðabótarétti gildir það meginsjónarmið að vega verður saman hagsmuni tjónþola af því að fá tjón sitt bætt og hagsmuni tjónvalds af því að einhver skynsamleg mörk verði dregin varðandi umfang bótaskyldu hans. Á þeim grunni hvíla meðal annars meginreglur um orsakatengsl og sennilega afleiðingu af bótaskyldri háttsemi. Einnig er gerð krafa um nokkra nástöðu tjóns við þá háttsemi.

125. Mikilvægt er að mati dómsins við mat á tjóni stefnanda í málinu að ákvarða hvort rekstur stefnanda gat haldið áfram eftir hinar bótaskyldu ákvarðanir stefnda eða hvort þær hafi beinlínis valdið stöðvun rekstrarins til frambúðar án þess að við slíkt yrði ráðið.

126. Grunnstefið í matsgerð málsins og þar með bótakröfu stefnanda er að reikna tjón félagsins um ókomin ár, eins og reksturinn hefði haldið áfram, reyndar ekki óbreyttur, heldur í talsvert betra horfi en hann var fyrir hina bótaskyldu háttsemi stefnda.

127. Matsmaður sér þó fyrir sér endastöð í málinu árið 2025. Hann telur reyndar að undir venjulegum kringumstæðum kæmi til greina að líta til lengri framtíðar, jafnvel til 2029 eða 2035 miðað við forsendur matsgerðarinnar. Ástæður þess að það geti ekki átt við í máli þessu séu mjólkurtækjabúnaður og fjárfestingarhringrás kúabús, aldur eigenda og kynslóðaskipti, krafa um aukið hagræði og minni ríkisstuðning auk þess sem matsmaður telur rétt að taka tillit til þess sem hann kallar samræmi í tímamörkum við mat á fjárhags- og rekstrartjóni í matsgerðinni sjálfri.

128. Sá hængur er hins vegar á að með matsspurningum stefnanda sem og nálgun matsmanns sjálfs í matsgerð sinni er að sumu leyti bæði sleppt og haldið.

129. Ef gengið væri út frá því að með sölu á bústofni félagsins í júní 2014 hafi rekstri búsins verið sjálfhætt, þ.e. að skýr orsakatengsl hafi verið á milli þess bótaskylda atviks og þess að hætt yrði rekstri, yrði útreikningur á meintu tjóni að miða að öllu leyti við það tímamark, þ.e. varðandi framtíðartjón stefnanda. Síðari aðgerðir eða aðgerðaleyfi og

ákvarðanir í rekstri stefnanda geta að mati dómsins ekki haft þar áhrif á til hækkunar á skaðabótum sem stefnda yrði gert að greiða stefnanda.

130. Ef raunin hefði verið þessi hefði málatilbúnaður og bótakrafa stefnanda þannig þurft að vera að mati dómsins uppbyggð með öðrum hætti, m.a. í ljósi þess að formlega séð hafði hinn hluthafi félagsins stjórn félagsins á sinni hendi og hefði þá átt að grípa strax til óhjákvæmilegra ráðstafana til að hætta alfarið rekstri ef það var óumflýjanlega afleiðing sölu bústofnsins. Að minnsta kosti hefði stjórn félagsins borið jafn mikla ábyrgð og stefndi í þeim efnum, m.a. með hliðsjón af reglum um takmörkun tjóns.

131. Málatilbúnaður stefnanda tekur hins vegar alls ekki mið af því að rekstri hefði verið sjálfhætt strax eftir sölu bústofnsins heldur byggist að hluta til á hinu gagnstæða og m.a. er gerð krafa um raunverulegt rekstrartap árin eftir hina bótaskyldu háttsemi, auk þess sem krafa á grundvelli upplausnarvirðis lausafjár er af sama meiði. Þannig er byggt á því að stefndi hafi átt að bera einn fulla ábyrgð á eins konar millibilsástandi í rekstri félagsins á meðan stjórnin tæki ákvörðun, að því er virðist þegar hentaði henni, um hvert framhaldið skyldi verða í kjölfar hinnar bótaskyldu háttsemi. Á slíkt er ekki hægt að fallast. Stefndi verður í grunninn síður gerður ábyrgur á grundvelli framangreinds dóms um bótaskyldu hans vegna tveggja atvika sem hann bar sannanlega ábyrgð á fyrir rangar ákvarðanir í rekstrinum, fyrir ákvarðanir sem hann kann að hafa tekið eftir það, en um slíkan bótagrundvöll var ekki fjallað í hinu fyrra máli sem er grundvöllur þessa.

132. Raunar er það svo að hægt er að líta á varakröfu stefnanda eins og hún er sett fram sem kröfu byggða á framangreindum sjónarmiðum, þ.e. að rekstri búsinns hefði verið sjálfkrafa hætt við sölu bústofns og hreinræktað tjón af þeim völdum væri klippt og skorið töpuð EBITDA frá fyrsta degi til ársins 2025 að frádregnu söluverðmæti eigna. Þar er þannig fallið frá kröfu um tjón vegna raunverulegs taps í rekstri og vegna upplausnarvirðis eins og sú krafa var sett fram.

133. Dómurinn notast hér eftir við enska heitið EBITDA (e. *Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization*), líkt og matsmaður miðar við sem grundvallar stærð við afmörkun á áætluðu framtíðartjóni stefnanda. Hér er í grófum dráttum átt við afkomu fyrirtækja áður en tekið er tilliti til vaxtagreiðslna og vaxtatekna, skattgreiðslna

sem og afskrifta, en þjált íslenskt heiti hefur ekki fundist fyrir hugtakið að mati þeirra er mest með fara.

134. Þrátt fyrir uppbyggingu á matsgerð málsins, sem tekur eðli máls samkvæmt mið af matsspurningum, sér þess þannig ekki glöggan stað í málalíbúnaði stefnanda að ákvörðun stefnda um sölu á bústofninum í júní 2014 hafi þýtt það að mati stefnanda að rekstri búsis yrði sjálfkrafa hætt og að byggt sé á því. Um þetta má til að mynda benda á umfjöllun í stefnu málsins þar sem segir að eftir sölu bústofns hafi orðið gjörbreyting á rekstri félagsins enda þá enginn tekjugefandi rekstur, en á það verður vitaskuld fallist. Matsspurning b til matsmanns byggist hins vegar skýrt á því að sala á bústofni hafi „bundið enda á mjólkur- og nautgripabúskap félagsins til framtíðar.“

135. Hvernig sem lítið verður á málalíbúnað stefnanda að þessu leyti er grundvallaratriði það að dómurinn telur ósannað að eina úrræðið fyrir forsvarsmenn stefnanda eftir hina bótaskyldu háttsemi stefnda, sem vissulega var óheppileg fyrir reksturinn og án nokkurs vafa íþyngjandi, hafi verið að selja greiðslumark búsis og hætta alfarið rekstri. Ósönnuð eru þannig bein orsakatengsl á milli tjónsatvika og þess að rekstri búsis var síðar sannanlega hætt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Allar aðgerðir eða aðgerðaleyfi í rekstri félagsins bera enda merki þess að ekki hafi verið gengið út frá því.

136. Þótt stefnandi hafi ekki byggt á því að það hafi þýðingu fyrir málið, telur dómurinn rétt að áréttu að ekki verður talið að haggi framangreindu orðalag í dómi Landsréttar þar sem segir um sölu nautgripanna: „Með þessum gerningi var endanlega komið í veg fyrir að stefndi fengi tekjur af starfseminni sem fram að því var ekki útilokað að koma mætti í rétt horf.“ Af þessum orðum verður sú eina ályktun dregin sem blasir við að eftir að bústofninn var seldur var enginn möguleiki á þeim tíma miðað við óbreytt ástand að afla búinu tekna. Þarna er ekki verið að útiloka að hægt hefði verið að hefja rekstur að nýju með einum eða öðrum hætti, enda hvergi sjáanlegt að málalíbúnaður aðila í því máli hafi byggst á því og dómkröfur og dómsorð þar af leiðandi slá engu föstu í þeim efnum.

137. Ágreiningslaust er að eini stjórnarmaður stefnanda, Bryndís Ósk, sem er hvatamaður þessa máls, átti frumkvæðið að því að selja greiðslumark félagsins sem lokið var við um tveimur árum eftir sölu bústofnsins. Af stefnu verður sú ályktun dregin að

Þetta hafi hún metið rétt í ljósi þróunar á markaði og að fyrirsjáanleg væri lækkun á markaðsvirði greiðslumarks. Frá þeirri stundu og ekki fyrr varð í raun endanlega ljóst með sameiginlegri ákvörðun eigenda félagsins að ekki yrði framhald á búrekstri undir merkjum stefnanda.

138. Dómurinn telur að þeim tíma og raunar mun fyrr hefði tjónþoli verið í góðum færum til að takmarka tjón sitt, líkt og honum var skylt, með því að fjárfesta í gripum að nýju til mjólkurframleiðslu á grundvelli fyrirbyggjandi greiðslumarks en þá hefði með sama hætti grundvöllur skaðabótakrafna stefnanda eins og hann er lagður brostið frá því að slík framleiðsla hefði hafist að nýju. Kostnaður sem af slíku hefði getað hlotist umfram þær tekjur sem sannanlega hlutust af sölu búpeningsins 2014 hefur ekki verið metinn og því ómögulegt að segja hvað slík ráðstöfun hefði þýtt fyrir félagið og áframhaldandi rekstur þess og þá hvaða áhrif það hefði haft á bótakröfu þess gagnvart stefnda. Stjórn félagsins tók hins vegar ákvörðun um að láta gott heita.

139. Þegar af framangreindum ástæðum telur dómurinn að hafna beri a.m.k. öllum bótakröfum stefnanda eftir að tillaga stjórnarformanns stefnanda um að selja greiðslumark búsin var til umfjöllunar á hluthafafundi í apríl 2016 en þá lá vilji stjórnar skýr fyrir og var síðan fylgt eftir með sölumeðferð í október sama ár, en salan svo endanlega frágengin 1. nóvember 2016.

140. Draga verður síðan þá ályktun að eftir að stjórn félagsins hafði ákveðið að rétt væri að selja greiðslumarkið, í stað þess að halda búrekstri áfram og endurnýja bústofninn, hafi orðið ljóst að búrekstur í þeirri mynd sem hann hafði verið yrði aldrei hafinn undir merkjum stefnanda, nema með algjörlega nýjum formerkjum, sem ekki hefðu getað tengst með nokkrum hætti bótaskyldri háttsemi stefnda. Hvergi sér þess stað í aðdraganda þessarar ákvörðunar, sem eigendur alls hlutafjár stóðu á endanum að, að yfirvofandi hafi verið bótakrafa félagsins á þeim grunni sem hér blasir við, þ.e. að bóta yrði krafist eins og félagið hefði haldið áfram farsælum rekstri um nokkra framtíð í stað þess að hætta honum, en andspænis slíkri kröfu hefði stefndi þá eftir atvikum getað brugðist við með öðrum hætti.

141. Bótakrafa sem byggist á áframhaldandi óbreyttum rekstrargrundvelli í rúm tíu ár frá hinu bótaskylda atviki, og á sömu tekjum áfram og raunar einnig á betri rekstri og rekstrarafkomu en áður, eins og fjallað verður um síðar, verður þannig ekki talin standast með vísan til framangreindra meginreglna um sönnun, orsakatengsl og sennilega afleiðingu, en einnig vegna aðgerða og aðgerðaleysis stjórnenda félagsins í kjölfarið.

142. Hér athugast einnig að í forsendum matsmanns fyrir útreikningi á tjóni stefnanda fyrir tímabilið frá 21. júní 2013 til 25. júní 2014 gengur hann út frá því að tjónið hafi orðið meira sökum þess að stefndi hafi ekki selt bústofninn fyrir en raunin varð. Það hafi aukið á kostnað búsis að halda gripina á meðan engar tekjur komu inn og þar með valdið meira tjóni. Með sömu rökum má halda því fram að burtséð frá því hvort sala greiðslumarks hafi verið óumflýjanleg eða ekki, sem er ósannað í málinu, þá var sú ákvörðun tekin að frumkvæði stjórnar félagsins, en ekkert bendir til þess í málinu að þá ákvörðun hafi ekki mátt taka fyrir, þ.e. í meiri nástöðu við þann tjónsatburð sem fólst í sölu búpeningsins. Það hefði að mati dómsins með sama hætti breytt grundvelli bótakröfunnar.

143. Mikilvægt er einnig í þessu sambandi, sbr. framangreint, að stjórn stefnanda, Brúarreykja ehf., var heimilt, um leið og bann var sett við dreifingu afurða frá búinu, að segja framkvæmdastjóra félagsins upp störfum og afturkalla umboð hans til að skuldbinda félagið samkvæmt ákvæðum laga nr. 138/1991 um einkahlutafélög, sbr. um ritun firma 4. mgr. 49. gr. laganna, en ekkert í málinu, s.s. samþykktir félagsins eða hluthafasamkomulag eftir atvikum, bendir til annars en að þetta hafi stjórn félagsins getað gert, enda framangreint ákvæði verið talið ófrávíkjanlegt. Þá liggur fyrir að stefndi og fjölskylda hans virðast hafa gert ýmsar tilraunir til að bregðast við afurðasölubanninu en án árangurs, sbr. forsendur í framangreindum dómi Landsréttar. Ekkert liggur fyrir um nokkra aðkomu stjórnarmanns og annars framkvæmdastjóra félagsins að þeirri tilraun til að bregðast við þessum vandræðum sem burtséð frá sök daglegs stjórnanda, þ.e. stefnda, höfðu sannanlega skapast í rekstrinum. Hins vegar verður samkvæmt gögnum málsins því slegið föstu að eftir 15. apríl 2015 hafði stefndi enga formlega stjórn á málefnum stefnanda og gat engar ákvarðanir tekið um framtíð félagsins eða skuldbundið það, nema þá eftir atvikum í gegnum hluthafafundi á grundvelli eignarhalds

hans í félaginu, en sú leið var honum, líkt og meðeiganda hans vissulega, bæði torfær og seinfær.

144. Þrátt fyrir nokkuð óljósan málatilbúnað stefnanda að þessu leyti verður ekki séð að þetta hafi komið niður á málsvörn stefnda, og að álita komi til að vísa málinu frá án kröfu. Líkt og slegið hefur verið föstu í dómi Landsréttar er og afar líklegt að háttsemi stefnda hafi valdið tjóni í rekstri félagsins. Með vísan til ákveðinna forsendna matsgerðar verður það tjón metið út frá því sem sennilegt má telja að hafi hlotist í rekstri stefnanda vegna athafna hans. Þar verður þó línar dregin við þann tíma sem leið frá júní 2013 og þar til stefndi missti formlega alla stjórn félagsins í apríl 2015. Eðlilegt þykir að hann beri þannig einhverja ábyrgð á þeirri upplausn sem sannanlega hann varð valdur að og ríkti í rekstri félagsins eftir inngríp MAST og síðan með sölu bústofns sem svipti a.m.k. tímabundið félagið tekjuöflun, en engin rök standa til þess að mati dómsins að sú ábyrgð hafi hvílt á honum eftir að hann hætti sem framkvæmdastjóri.

145. Dómurinn telur hins vegar óhjákvæmilegt að framangreind atriði hafi áhrif á bótakröfu stefnanda við heildarmat á tjóni búsis, einnig með hliðsjón af meginreglunni um takmörkun tjóns, sem og framangreindri reglu 3. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög, sbr. síðari umfjöllun.

#### *Upplausnarvirði*

146. Stór hluti bótakröfu stefnanda fjallar um tjón sem rekja má að mati stefnanda til sölu og upplausnarvirðis eigna, en sú krafa á sér skírskotun til matsspurningar stefnanda. Umfjöllun og niðurstöðum matsmanns í þeim efnunum er skipt í þrjú meginhluta. Í fyrsta lagi um langverðmætustu eign búsis, greiðslumarkið, í annan stað búpeninginn og í þriðja lagi annað lausafé. Dómurinn telur rétt að fjalla um forsendur kröfugerðar stefnanda hvað þetta varðar, enda gæti sannanlegt tjón vegna þessa komið til skoðunar miðað við framangreindar forsendur um mörk hins bótaskylda tímabils, þ.e. ef fallist yrði á að stefndi bæri yfir höfuð ábyrgð á tjóni vegna upplausnarvirðis.

147. Í fyrstu verður litið til þeirra aðferða sem matsmaður beitir til að meta verðmæti þessara eigna félagsins.

148. Umfjöllun hans um langstærstu eign þess, greiðslumarkið, undirstrikar einungis að afrakstur slíkrar sölu fer eftir markaðsaðstæðum hverju sinni og bændur hefðu helst getað „hámarkað upplausnarverð greiðslumarks með því að lesa rétt undirliggjandi áhrifaþætti á markaðnum og breytingar á þeim“, eins og segir í matsgerð. Dómurinn telur útilokað að bótafjárhæð vegna sölu greiðslumarks ákvarðist af því hvernig markaðsaðstæður þróuðust og engin lagarök standa til þess eða atvik málsins að stefndi verði gerður ábyrgur fyrir því að ekki hafi verið selt á nákvæmlega þeim tíma þegar hæst verð fékkst. Auk þess var það stjórn félagsins sem tók ákvörðun um þessa sölu. Þetta verður að teljast dæmi um viðskiptalega ákvörðun sem ætíð getur orkað tvímælis og getur þannig með sama hætti reynst happadrjúg.

149. Í umfjöllun um bústofninn og verðmæti hans leggur matsmaður í nokkra sönnunarfærslu og kemst að þeirri niðurstöðu, óumbeðinn þó að því er virðist, að bústofninn hafi í reynd verið stærri og þar með verðmeiri en gefið hafi verið upp í ársreikningum og skattframtölum um stöðuna í árslok 2013 og þá stærri en fram hafi komið í upplýsingum um tvo hluta sölunnar á bústofninum, sbr. bls. 81 í matsgerð. Matsmaður færir ágæt rök fyrir þessari niðurstöðu sinni en hún verður hins vegar ekki lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls, enda ekki byggt á því af stefnanda að bústofninn hafi verið stærri og jafnvel verið óseldur þegar salan í júní 2014 fór fram. Sú niðurstaða sem hér skiptir máli er að sá búpeningur sem seldur var virðist hafa verið seldur á verði sem ósannað er að hafi verið óhagstætt búinu og útilokað a.m.k. að sjá að söluverð hafi verið slíkt að hafi bakað stefnanda tjón sem væri bótaskyld af stefnda. Í stefnu málsins segir um sölu bústofns: „Með kaupsamningi, dags. 25. júní 2014, (dskj. 16) voru allir nautgripir Brúarreykja ehf. á þeim tíma seldir til Miðfellsbúsins ehf., þ.m.t. 51 kýr, auk geldneyta og kálfa. Þá hafði áður verið ráðstafað frá Brúarreykjum ehf. mjólkurkúm og öðrum nautgripum í tengslum við athugasemdir um aðbúnað dýra og möguleg áform MAST um vörslusviptingu.“

150. Hér standa heldur ekki lagarök til þess að stefndi verði gerður ábyrgur fyrir því að stefnandi hefði getað náð meiri verðmætum út úr búpeningnum og að ástæða þess að það hafi ekki tekist verði rakin til stefnda. Er enda ósannað að þarna hafi verið vanreiknað verðmæti í búpeningnum og því reyndar aldrei verið haldið fram af stefnanda fyrr en í kjölfar matsgerðar sem hann gerir að sinni.

151. Eftir stendur, ef rétt væri, að enn viðurhlutaminna hefði þá verið fyrir félagið að halda búrekstri áfram, sbr. fyrri umfjöllun.

152. Varðandi síðasta hluta mats á upplausnarvirði, þ.e. þá á öðru lausafé, vekur strax spurningar af hverju tjónsútreikningur vegna lausafjár er metinn út frá svokölluðu upplausnarvirði en ekki einfaldlega ætluðu söluvirði eignanna. Svo virðist sem að þarna sé þó í grunninn átt við sama hlutinn þótt nálgunin sé að hluta nokkuð framandi og veldur óvissu um réttmæti niðurstöðu matsmanns. Tjón búsins, sem ratar inn í bótakröfu málsins, er metið líkt og óskað var eftir, miðað við sama tíma og þegar bústofninn var seldur. Þá athugast hér að ekki verður séð að matsmaður sé sérfræðingur í mati á lausafé sem því sem er hér andlag mats. Það sem skiptir sköpum varðandi sölu lausafjár hins vegar er að dómurinn telur ósannað að stefndi hafi með einhverjum hætti staðið í vegi fyrir því að þessi tæki væru seld og vandséð hvers vegna stefnandi hafi ekki getað náð fram sölu á þessum tækjum, líkt og raunin virðist hafa orðið með einum eða öðrum hætti með dráttarvél 2016, traktorsgröfu 2014 og Skoda-bifreið 2019 fyrir alls 6.793.000 kr. samkvæmt matsgerð.

153. Í því sambandi athugast einnig, ekki varðandi aðferðir matsmanns við útreikning tjónsins heldur fremur bótagrundvöllinn, að sala á lausafé búsins getur vart hafa talist óvenjuleg eða mikils háttar ákvörðun eftir að búrekstri var sannanlega hætt með sameiginlegri ákvörðun eigenda félagsins, en einnig athugast, sbr. framangreint, sem gerir kröfu stefnanda gagnvart stefnda í sjálfu sér nokkuð langsótta, að frá og með vori 2015 hafði stefndi eftir því sem næst verður komist, engar heimildir til að ráðstafa eignum búsins, á meðan meðeigandi hans, Bryndís Ósk, hafði slíkar heimildir allan meintan tjónstíma, eða frá 2011 til dagsins í dag.

154. Þá gengur illa upp að mati dómsins sú aðferð matsmanns að uppfæra kaupverð einstakra eigna upp til verðlags árin 2013, 2014 og 2016 líkt og hann gerir, og reikna síðan árleg afföll af þeim út frá þeirri tölu. Ekki verður annað séð en að sú aðferð miði við að tækin séu ný sem er vitaskuld ekki staðan.

155. Grundvallaratriði varðandi kröfu stefnanda um að fá meint tjón vegna tapaðs upplausnarvirðis bætt er að slíkt tjón er að mati dómsins ósannað og megnar framlögð matsgerð ekki að byggja undir slíka kröfu enda er hún byggð á forsendum sem dómurinn getur ekki fallist á og stundum raunar að því er virðist á getgátum, enda vissulega að hluta vart forsendur til annars. Byggist hún að auki fyrst og fremst á því að ef teknar hefðu verið réttar ákvarðanir á réttum tíma hafi mátt ná hagstæðari niðurstöðu fyrir félagið. Þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að stefndi hefði átt að taka slíkar ákvarðanir fremur en stjórn félagsins, sem reyndar verður að hafna, yrði ábyrgð ekki felld á framkvæmdastjóra eða eftir atvikum stjórn félags á grundvelli þess að selja hafi átt fyrir eða síðar.

156. Bótakröfu stefnanda sem byggist á upplausnarvirði eigna verður því hafnað þegar af þeirri ástæðu að hún telst ósönnuð. Framlögð matsgerð verður þannig ekki lögð til grundvallar til að sanna tjónið og engum öðrum gögnum er til að dreifa í málinu sem hægt er að byggja á.

157. Rétt þykir að mati dómsins að taka með framangreindum hætti rökstudda afstöðu til framangreindra þátta í kröfu stefnanda sem sett er fram á grundvelli upplausnarvirðis á eignum búsinns. Líkt og áður er fjallað um standa hins vegar eindregin rök til þess að hafna þessum kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu að hún miðast við að rekstri búsinns yrði hætt en dómurinn telur ósönnuð slík orsakatengsl á milli hinnar bótaskyldu háttsemi stefnda og þess að sjálfkrafa yrði að hætta rekstri og selja allar efnislegar og óefnislegar eignir félagsins. Með sama hætti er ómögulegt að fallast á að ef sú hefði hins vegar verið raunin að stefndi hefði þá þurft að bera ábyrgð á óhagstæðri ráðstöfun á eignum búsinns.

158. Að lokum verður einnig að líta til þess, sbr. framangreinda umfjöllun, að það var stjórn félagsins sem tók ákvörðun um að selja greiðslumark búsinns og þar með var rekstri búsinns endanlega hætt. Með sömu rökum og að framan greinir verður því að ganga út frá því að sú ákvörðun hafi í raun verið upptaktur að sölu allra véla og tækja búsinns eftir því sem tækifæri gæfust, sem einnig verður að telja báða stjórnendur og eigendur a.m.k. jafn ábyrga fyrir.

159. Dómurinn telur því að undir engum kringumstæðum hafi skapast bótakrafa til handa stefnanda á hendur stefnda á grundvelli upplausnarverðs eigna búsins.

*Mögulegt tjón stefnanda samkvæmt framangreindri afmörkun með hliðsjón af matsgerð*

160. Ef áhrifum útreiknings vegna upplausnarvirðis eigna er haldið utan við tjónsútreikning, og tjónstímabili sett mörk við tímabilið frá 21. júní 2013 til og með apríl 2015, er tjón búsins, þ.e. töpuð EBITDA, metið af matsmanni alls rétt um tæpar 37 milljónir króna, en að auki bætir matsmaður við tjónið raunverulegu tapi sem varð á rekstrinum á sama tímabili.

161. Fyrir liggur að ársreikningar stefnanda sem lagðir voru fram með matsbeiðni voru ófullkomnir og annmörkum háðir og þeir ársreikningar sem matsgerð miðaðist við byggðust að hluta til á upplýsingum sem matsmaður aflaði sjálfur hjá endurskoðendafyrirtæki stefnanda, Deloitte. Meginsjónarmið matsmanns við matsgerðina var að hún endurspeglaði réttmætar væntingar sem stefnandi hefði mátt gera varðandi lykilþætti í rekstri félagsins, þ.m.t. tekjur, afkomu og sjóðstreymi búsins. Hér var því edlilega, miðað við forsendur matsmanns, um nokkuð huglægt mat að ræða þar sem matsmaður tekur fram einnig í inngangi sínum að matsgerðin hafi byggst að öðru leyti á rauntölum, þ.e. rauntapi á rekstrinum og tjóni vegna upplausnarvirðis, eins og mögulegt var. Rekstrartjón er í matsgerðinni sett fram á grunni frjáls sjóðstreymis (e. Free Cash-Flow). Eins og fram kom við aðalmeðferð málsins, m.a. í spurningum til matsmanns, er slík aðferð jafnan notuð þegar til stendur að selja félög og þá oft byggð á ítarlegum rekstraráætlunum stjórnenda til framtíðar litið. Ágreiningslaust er að slíkar rekstraráætlanir lágu ekki fyrir og þurfti matsmaður í raun að búa þær til. Ekkert bendir þó til annars en að eftir að matsmaður hafði aflað sér þeirra gagna sem tiltæk voru hafi hann náð að fá ágæta sýn á stöðu félagsins.

162. Það athugast, varðandi framangreindar forsendur sem byggjast á ársreikningum stefnanda eftir ákveðna gagnaöflun og rannsókn matsmanns, að ábyrgð á því að ársreikningar voru ekki til staðar verður ekki síður og jafnvel enn frekar lögð á stjórnarmann og annan framkvæmdastjóra félagsins en stefnda, a.m.k. má þar ekki á milli sjá. Fyrir liggur að þeir ársreikningar sem matsmaður studdist við, sbr. framangreint, hafa ekki verið lagðir fram á aðalfundum félagsins eða í stjórn eftir því sem næst verður

komist, enda þeir samkvæmt gögnum málsins ekki verið haldnir og geta því vart talist bindandi fyrir stefnda sem er þó eigandi helmings hlutafjár stefnanda. Af framangreindu skapast vitaskuld óvissa sem stefndi getur ekki einn borið ábyrgð á og hallann af við útreikning bóta í málinu gagnvart meðeiganda sínum.

163. Af framlögðum ársreikningum verður þó t.a.m. ráðið að í árslok 2012 hafi eigið fé verið neikvætt um 22.771.305 kr. Sú staðreynd blasir þannig við í málinu að þegar fyrri tjónsatburðurinn verður, þ.e. afturköllun á framleiðsluleyfi stefnanda, hafði félagið á stundum verið rekið með umtalsverðu tapi og eigið fé þess neikvætt. Miðað við fullgilt framleiðsluleyfi og óbreyttan rekstur er fátt sem bendir til þess að rekstur búsins hefði rétt úr kútnum og líkur standa fremur til þess að reksturinn hefði a.m.k. áfram verið í járnnum. Jafnvel mætti líta svo á að staðan hafi verið það slæm, sbr. umfjöllun í greinargerð stefnda í málinu, að félagið hafi stefnt að óbreyttu í greiðsluþrot.

164. Ekki er þó hægt að fallast á með stefnda að framangreind staða félagsins girði fyrir bótakröfu þess, enda ljóst að eignir félagsins dugðu vel fyrir skuldbindingum þess á þeim tíma. Eftir stendur þannig að þegar dómur Landsréttar fellur er staða félagsins sterk sem ræðst vitaskuld af því að eignir þess höfðu verið seldar og öllum hefðbundnum rekstri þess hætt auk þess sem leiðrétting á áhvílandi lánum vegna ólögþratar gengistryggingar, alls um 34 milljóna króna tekjufærsla á árunum 2013 og 2014, hafði skilað mun betri stöðu.

164. Krafa félagsins um bætur á hendur stefnda verður því talin eiga sér stoð vegna þess að staða félagsins hefði þá væntanlega verið betri sem nemur því tjóni sem hin bótaskylda háttsemi stefnda olli félaginu. Hins vegar hefur það áhrif við heildarmat á því hvort félagið hafi orðið fyrir tjóni, og hvaða umfang þess teljist sannað, að rekstur stefnanda stóð vart undir sjálfum sér árin fyrir hina bótaskyldu háttsemi.

165. Þá vekur athygli að rekstrartap á tímabilinu er lagt við fjárhags- og rekstrartjón samkvæmt mati matsmanns á sama tíma. Dómurinn getur ekki fallist á að þetta gefi rétta mynd af því tjóni sem hin bótaskylda háttsemi á að hafa leitt af sér. Hefði rekstur haldið áfram í nokkuð óbreyttri mynd hefði stefndi vart verið gerður ábyrgur fyrir tapi á rekstrinum. Það tap sem hins vegar varð á rekstrinum eftir tjónsatburð hlýtur annaðhvort

að vera að hluta til tap sem telja mátti eðlilegt miðað við eðlilegan rekstur búsin, en ella tap sem rekja mátti til tjónsatburðanna sjálfra. Ef sú er raunin er vandséð að ítarlega útreiknað tap vegna hans sé með öllu óháð raunverulegri afkomu félagsins og það enda ekki rökstutt í matsgerð. Sú staðreynd að búið var í rekstri eftir tjónsatburð hlýtur þá að endurspeglar í afkomunni a.m.k. stóran hluta raunverulegs tjón vegna hans. Dómurinn getur því ekki fallist á að reikna raunverulegt tap á rekstri félagsins að fullu ofan á reiknað tjón eins og gert er í matsgerð.

166. Sú staðreynd að stefnandi hafi þrátt fyrir þetta beitt þessari aðferð dregur úr gildi matsgerðarinnar. Eftir stendur þannig að engin sérfræðileg greining liggur fyrir á því hvaða hluta af raunverulegu rekstrartapi megi rekja til hinnar bótaskyldu háttsemi og hvaða hluta til venjulegs rekstrartaps félagsins, en fyrir liggur að það hafði oftast ekki verið rekið með tapi árin þar á undan og með öllu er þá óútskýrt hvers vegna stefndi sem stjórnandi félagsins sé skyndilega að fullu orðinn ábyrgur fyrir öllu tapi á rekstrinum, sem hann ella væri alla jafna ekki og því ósannað að orsakatengsl séu á milli hinnar bótaskyldu háttsemi og slíks tjóns. Í þessu sambandi verður enn og aftur áréttuð sú meginregla að stjórnendur félags taka ákvarðanir um fjárhagslegar ráðstafanir og hvernig rekstri skuli háttáð að meginstefnu og dómstólar geta ekki fjallað um hvort slíkar ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar og þá eftir atvikum réttar eða ekki. Um þessi sjónarmið má meðal annars vísa til dóms Hæstaréttar frá 14. janúar 2010 í máli nr. 350/2009.

167. Hið sama gildir um þann hluta krafna sem byggist á nokkurs konar bestun í rekstri búsin, líkt og gert er ráð fyrir í matsgerð, eða sem jaðrar við háþyrkingu á mögulegri afkomu. Þannig er örðugt að sjá fyrir sér grundvöll bótakröfu félags á hendur stjórnendum þess sem byggist á því að hægt hefði verið að gera ívið eða jafnvel umtalsvert betur í rekstri og miða þar við sambærilegan rekstur. Slík bótakrafa gengur alla jafna ekki upp hvort sem rekstri hefur verið hætt eða honum fram haldið. Slæm stjórnun eða slægur rekstur leiðir þannig alla jafna ekki til bótaskyldu stjórnanda, en getur vitaskuld leitt til brottreksturs þess stjórnanda sem í hlut á.

168. Í framlagðri matsgerð er þannig horft mjög til þess að stefnda tókst að ná mun betri árangri síðasta hálfu árið áður en MAST ákvað að skerast í leikinn, en ákveðin mótsögn

er reyndar í því einnig án þess að nánar verði farið út í það. Í matsgerð kemur fram á bls. 20 að EBITDA í rekstrinum hafi miðað við samantekt matsmanns sveiflast frá 16.216 þús. kr. árið 2008 í 22.860 þús. kr. árið 2009, niður í 9.801 þús. kr. árið 2010 og enn neðar árið 2011 eða 4.921 þús. kr. en hækkað svo árið 2012 í 9.516 þús. kr. Á fyrri hluta ársins 2013 hafi hins vegar virst verða viðsnúningur í búrekstrinum og EBITDA af reglulegum rekstri numið 8.569 þús. kr. á einungis hálfu ári. Hér hlýtur að vekja athygli strax að meðal EBITDA árin 2008-2012 að báðum meðtöldum er um 12.663 þús. kr. Í forsendum matsmanns er hins vegar gert ráð fyrir meðal EBITDA árin 2013-2016, miðað við allt árið, 20.330 þús. Í því sambandi athugast einnig að gríðarlegur munur er á rekstri félagsins milli árána 2009 og þeirra sem komu í kjölfarið. Tekjur langtum hærra það ár og gjöld mun lægri þannig að það rekstrarár telst vart samanburðarhæft þótt það sé tekið með í reikninginn hér að framan. Hér vekur einnig athygli að niðurstaða matsmanns er sú sbr. bls. 35 í matsgerð, að út frá bættum rekstri fyrri hluta ársins 2013, sem skilað hafi sbr. ofangreint, EBITDA af reglubundinni starfsemi án bústofnsbreytinga, 9.417 þús, áætli hann að sama fjárhæð hefði numið 9.783 þús. á seinni sex mánuðum ársins, eða alls 19.199 þús. fyrir árið 2013, sem sýnist vera upptaktur af útreikningi til framtíðar litið, líkt og endurspeglast í tekjuvæntingum í matsgerð fyrir árið 2014, alls 45.963 þús. til samanburðar við meðalárstekjur að fjárhæð 27.208 þús. árin 2010-2012. eða hækkun á tekjum búsinns um rúm 68%.

169. Af forsendum í matsgerð, sem og framburði matsmanns fyrir dómi, verður þannig ráðið að matsmaður byggði rekstraráætlanir sínar, sem aftur urðu grundvöllur fyrir tjónsútreikningi, mjög á bættri afkomu og frammistöðu stefnda í rekstrinum. Sú forsenda er þannig gefin að þrátt fyrir rekstrarsögu búsinns yrði í framhaldi náð að mjólka að fullu upp í greiðslumark búsinns auk þess sem gert er ráð fyrir að gæði mjólkur yrðu því sem næst í hæsta flokki. Því er ekki hægt að greina að í matsgerðinni hafi varúðarsjónarmið verið viðhöfð við áætlun tekna og gæðavandamál undangenginna ára og ófullkomin nyt í kúm eru uppreiknuð og bætt við tjónið, í staðinn fyrir að nýta þessar upplýsingar til að slá á tekjuvæntingar búsinns. Dómurinn telur þessa aðferðafræði vart trúverðuga eða sanngjarna gagnvart tjónvaldi, þ.e. stefnda í málinu, þ.e. að reikna afkomu búsinns til framtíðar litið í hæsta mögulega punkt frá árinu 2009 þannig að munar umtalsverðu fyrir útreikning á bótakröfu. Þar verður einnig á gjaldahlið t.a.m. litið til þeirra forsendna sem matsmaður gefur sér varðandi launagreiðslur búsinns. Þannig er ráðgert að launakostnaður

verði áfram hverfandi og er reiknaður 5% af ætluðum tekjum, sem er langt undir viðmiðum í sambærilegum búrekstri sem samkvæmt opinberum tölum liggur nær 19%.

170. Ekki er ástæða til að fara ítarlega ofan í framangreindar forsendur matsgerðar sem matsmaður dregur saman á bls. 30 í matsgerð með svofelldum hætti: „Með því að halda ekki áfram þessum góða og bætta árangri í rekstrinum, hefur búið orðið fyrir tjóni af hálfu matsþola, forráðamanni búsis.“ Dómurinn telur þessar forsendur matsmanns sem stefnandi gerir að sínum ekki standast og verði ekki settar í samhengi við hina bótaskyldu háttsemi þannig að hægt sé að slá því föstu sem sennilegri afleiðingu af henni að tjónvaldur, þ.e. stefndi, hafi með háttsemi sinni svipt stefnanda vísri afkomu til framtíðar litið, þ.e. þeim hluta meints tjóns sem hefði falist í mun betri rekstri búsis en raunveruleg rekstrarár fyrir tjónstilvik gáfu tilefni til að vænta mætti.

171. Umfjöllun um framangreint er nauðsynleg þar sem þarna er lýst grunnforsendum fyrir tjóni allt frá júní 2013 til 2025, sem er þá einnig grundvöllur fyrir útreikningi matsmanns á tjóni það tímabil sem dómurinn telur rétt að miða við.

#### *Tjón stefnanda að mati dómsins*

172. Matsgerð málsins er vönduð og ágætlega rökstudd, en líkt og að framan greinir telur dómurinn ekki, út frá meginreglum skaðabótaréttar sem að framan eru raktar og með vísan til málsatvika, hægt að fallast á sumar af þeim grunnforsendum sem matsmaður gefur sér, en að hluta til ráðast þær forsendur og niðurstöður eðli máls samkvæmt af þeim matsspurningum sem fyrir hann voru lagðar.

173. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar telur dómurinn ekki hægt að fallast á aðalkröfu stefnanda og telur að meint tjón félagsins samkvæmt henni sé þannig byggt á röngum forsendum og gefi ranga mynd af því tjóni sem með rökum og á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar er hægt að gera stefnda ábyrgan fyrir. Aðalkröfu stefnanda og þeirri aðferðafræði sem hún byggist á verður því hafnað.

174. Í varakröfu sinni hverfur stefnandi frá tveimur af þremur grunnstoðum kröfugerðar sinnar í aðalkröfu. Þannig dregur hann frá kröfu byggða á upplausnarvirði eigna auk þess sem hann gerir ekki kröfu á grundvelli þess að raunverulegu rekstrartapi skuli bætt við

meint tjón stefnanda. Þessum tveimur stoðum hefur dómurinn, sbr. framangreint, hafnað og því kemur til skoðunar varakrafa stefnanda. Þar blasir við að dómurinn hefur einnig hafnað þeirri grundvallarforsendu í kröfu stefnanda að tímabilið sem miða eigi við sé frá 21. júní 2013 til ársloka 2025. Eftir stendur tímabilið frá 21. júní 2013 sem fallist verður á til og með apríl 2015. Ef notast er við þær forsendur sem matsmaður hefur miðað við og endurspeglast í kröfugerð stefnanda, og tjónið er reiknað á umrætt tímabil, nemur heildartöpuð EBITDA á því tímabili um 37.000 þús. kr. Ef miðað er við forsendur stefnanda sjálfs í varakröfu um að þá beri að draga frá raunverulegt söluvirði eigna, þ.e. 92.406 þús. kr., og forsendur dómsins um tímabil það sem miða beri við, myndi slík niðurstaða leiða til þess að tjón stefnanda yrði metið ekkert.

175. Með vísan til framangreindra forsendna fyrir höfnun á aðalkröfu stefnanda í málinu verður þó ekki talið að sú aðferðafræði sem stefnandi sjálfur beitir til stuðnings varakröfu sinni í málinu girði fyrir þrautavarakröfu hans, enda felur sú krafa í sér að horft verði á málalíbúnað stefnanda í heild sinni við mat á meintu tjóni hans og sýnt þykir jafnframt að dæmd fjárhæð rúmast innan fjárhæðar sem gerð er í varakröfu.

176. Líkt og ráða má af framangreindri umfjöllun dómsins verður að ætla að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum hinnar bótaskylda háttsemi stefnda. Tjón eins og hér er fjallað um verður þegar upp er staðið alltaf metið að álitum vegna þess að niðurstaðan innifelur alltaf einhverja spá um það hvað er líklegt að muni gerast, í þessu tilviki í rekstri stefnanda og hvaða áhrif hin bótaskylda háttsemi hafi mögulega haft á afkomu félagsins. Matsgerð gefur þrátt fyrir framgreinda niðurstöðu ágæta yfirsýn yfir rekstur á stefnanda fyrir tjónið og gefur einnig ákveðnar reikningsforsendur sem gagnast að mati dómsins við mat á tjóni stefnanda að álitum.

177. Ef byggt er á niðurstöðu matsmanns, miðað við það tímabil sem dómurinn telur rétt að miða við, nemur EBITDA á framangreindu tímabili rétt tæpum 37.000.000 kr., sbr. framangreint. Rakin hafa verið að framan rök sem dómurinn telur fyrir því að umrædd fjárhæð gefi ekki rétta mynd. Þannig verður talið að stefnanda hafi ekki tekist að sanna hvers vegna EBITDA af rekstri félagsins eftir tjónsatvik hefði líklega numið þessari fjárhæð, eða rétt um 1.680.000 kr. á hverjum mánuði, sem hefði þá verið að meðaltali rétt um 45,2% af u.þ.b. 3.714.000 kr. áætluðum heildartekjum (81.697 þús. kr.) á

tímabilinu, þegar horft er til samanburðar við fyrri raunveruleg rekstrarár. Árið 2009 var óvenjulegt í því sambandi þar sem rekstrarkostnaður var umtalsvert lægri en árin þar á eftir og EBITDA þar reiknuð af matsmanni um 66% sem getur ekki talist eðlileg í rekstri kúabús og rekstur búsins enda óvenjulegur á þeim tíma. Meðal EBITDA síðustu þrjú heilu árin fyrir 2013 nam samkvæmt matsgerð um 673.000 krónum mánaðarlega að meðaltali fyrir fyrra tjónstilvik, eða um 29,7% af 2.267.000 kr. meðaltals mánaðartekjum af reglulegum rekstri þau ár. Að framan er rakið að bæði verður að telja áætlanir matsmanns um tekjur af rekstri búsins eftir tjón talsvert ofmetnar auk þess sem gjöld eru vantalin en einnig hlutfallsleg EBITDA af rekstri áætluð of há að mati dómsins. Ef miðað er eingöngu við reksturinn eins og hann var síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir bann hefði heildartjón félagsins á framangreindu tímabili og framangreindum forsendum numið um 14.800.000 kr.

178. Með vísan til alls þess sem að framan er rakið og eðlilegra frávika vegna þess sem dómurinn telur að dragi úr gildi niðurstaðna dómkvadds matsmanns, en þó með því að styðjast við í grunninn rekstrartölur úr matsgerð, metur dómurinn það svo að tjón stefnanda, Brúarreykja ehf., vegna bótaskyldrar háttsemi stefnda sem stjórnanda félagsins á framangreindu tuttugu og tveggja mánaða tímabili hafi hæst getað numið um 18.000.000 króna. Hefur þá verið tekið tillit til fjárfestingarþarfar félagsins á tímabilinu að álitum.

179. Í framangreindum dómi Landsréttar í máli nr. 594/2018, 9. lið dómsins, er fjallað um að stefndi og ekki síst börn hans hafi leitast við að fullnægja þeim skilyrðum sem sett voru fyrir afléttingu afhendingarbanns á afurðum frá búinu með ákvörðun Matvælastofnunar 6. ágúst 2013, þótt niðurstaðan hafi orðið sú eins og segir í dómnum að þær aðgerðir hafi ekki dugað til þess að félagið hæfi að nýju sölu mjólkur og aflaði þannig tekna. Dómurinn telur rétt að horfa til þessa í sömu andrá og litið verður til 3. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Það ákvæði veitir samkvæmt orðanna hljóðan rúmt svigrúm við mat á hæfilegri fjárhæð bóta, og hefur verið talið heimila lækkun bóta eftir heildarmati á atvikum.

180. Dómurinn telur þar rétt að líta til þess að sú staða sem er uppi í máli þessu hlýtur að teljast harla óvenjuleg. Það er að segja sú staðreynd að bótaskyldur stjórnandi félagsins,

þ.e. stefndi í máli þessu, er eigandi helmings hlutafjár í því félagi sem stefnir honum, á móti einungis einum öðrum hluthafa, þ.e. fyrrverandi sambýliskonu sinni. Burtséð frá því hver raunin var í daglegri stjórnun á stefnanda liggur fyrir að sá eigandi fór, bæði fyrir og eftir tjónstilvikin, og reyndar einnig á meðan hin bótaskylda háttsemi átti sér stað, formlega með ríkari stjórnunarheimildir en stefndi. Vorið 2015 tók Bryndís Ósk síðan alfarið við stjórn félagsins samkvæmt opinberri skráningu. Meintu afskipta- og sinnuleysi þessa stjórnanda félagsins og eiganda helmings hlutafjár af rekstri þess hefur að mati dómsins ekki verið mótmælt með haldbærum rökum af stefnanda. Augljóst er að slíkt athafnaleysi hefur áhrif við ákvörðun bótafjárhæðar eins og mál þetta er vaxið.

182. Telur dómurinn þá með vísan til framangreindrar umfjöllunar í dómi Landsréttar og eðlis þeirrar háttsemi sem talin var bótaskyld, auk skiptingar eignarhalds á stefnanda, ekki hægt að líta svo á að sök stefnda hafi verið alvarleg, og að ekkert liggi fyrir um illan vilja stefnda gagnvart félaginu eða ásetning um að skaða það, enda eigandi helmings hlutfjár. Það vekur sérstaka athygli í því sambandi að rekstur búsins var að því er virðist í miklum bata síðasta hálfu árið fyrir fyrsta inngríp MAST árið 2013, líkt og vísað er ítrekað til og byggt á í matsgerð.

183. Á móti verður ekki hægt að fallast á með stefnda að við ákvörðun bótafjárhæðar í málinu skuli koma til skoðunar tjón stefnanda af meintri vanrækslu stjórnar félagsins við ávöxtun á eignum þess eftir að rekstri var hætt og bróðurpartur eigna þess seldur. Þar eiga sömu sjónarmið við og gilda fyrir því að upplausnarvirði á eignum búsins var hafnað við útreikning á tjóni stefnanda. Sú meinta vanhæfni og áhrif hennar hefur þannig með sama hætti engin eðlileg tengsl við hina bótaskyldu háttsemi og bætur fyrir meint tjón af völdum hennar yrði að sækja með öðrum hætti ef einhver grundvöllur yrði á annað borð talinn fyrir slíku. Sömu grunnrök búa og að baki því að ekki verður tekið tillit til þessa og hafa verið færð gegn því að bæta raunverulegu tapi við tjón eða draga raunverulegan hagnað af rekstri frá meintu tjóni, sbr. framangreinda umfjöllun. Þá verður öllum sjónarmiðum um meinta bótaskylda háttsemi Bryndísar Óskar eða úttektir hennar úr félaginu, og mögulegum áhrifum á kröfur stefnanda hafnað, enda ekki sakarefnið hér.

184. Að virtum framangreindum atriðum málsins heildstætt er það niðurstaða dómsins að hæfilegar bætur sem stefnda verður gert að standa stefnanda skil á skuli að álitum nema 8.000.000 króna.

#### *Aðrar kröfur*

185. Dómurinn telur að þær kröfur sem stefndi hefur uppi til skuldajafnaðar gegn kröfum félagsins séu vanreifaðar og ekki fært að taka þær til efnisúrlausnar í málinu. Eðli máls samkvæmt koma heldur ekki til skoðunar í málinu meintar kröfur stefnanda eða stefnda gegn meðeiganda stefnda í félaginu, sem víða eru reifaðar.

186. Kröfu stefnanda um dráttarvexti er óhjákvæmilegt að vísa frá dómi af sjálfsdáðum, sbr. dómaframkvæmd, þar sem hvorki er getið vaxtafótar eða viðeigandi lagaákvæðis í kröfugerð stefnu.

187. Með vísan til framangreindra úrslita verður stefndi dæmdur, með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, til að greiða stefnanda hluta af málskostnaði sem þykir hæfilegur 1.250.000 krónur.

188. Málið fluttu hæstaréttarlögmennirnir Jón Jónsson fyrir stefnanda og Sigurður G. Guðjónsson fyrir stefnda.

Dómur þessi er kveðinn upp af Lárentsínusi Kristjánssyni héraðsdómara sem dómsformanni, ásamt meðdómendum Þorsteini Magnússyni héraðsdómara og Páli Grétari Steingrímssyni, löggiltum endurskoðanda.

## **D Ó M S O R Ð**

Dráttarvaxtakröfu stefnanda er vísað frá dómi.

Stefndi, Bjarni Bærings Bjarnason, greiði stefnanda, Brúarreykjum ehf., 8.000.000 króna.

Stefndi greiði stefnanda 1.250.000 krónur í málskostnað.